

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

Brussel, ...
C

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. ... / ...

frá [...]

**sem setur fram kröfur og stjórnsýsluferla
fyrir flugvelli samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008
frá Evrópuþinginu og ráðinu**

(Texti sem varðar EES)

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. ... / ...

frá [...]

**sem setur fram kröfur og stjórnsluferla
fyrir flugvelli samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008
frá Evrópuþinginu og ráðinu**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS,

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Hefur með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB⁽¹⁾, með breytingum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1108/2009⁽²⁾, frá 21. október 2009 og þá einkum grein 8a(5).

Þar sem:

- (1) Markmið reglugerðar (EB) nr. 216/2008 er að koma á og viðhalda háu og samræmdu öryggisstigi almenningsflugs í Evrópu. Reglugerðin býður upp á leiðir til að ná því markmiði og öðrum markmiðum á sviði öryggis í almenningsflugi.
- (2) Innleiðing reglugerðar (EB) nr. 216/2008 krefst þess að ítarlegri framkvæmdarreglum verði komið á, einkum hvað varðar öryggisreglur fyrir flugvelli, í því skyni að háu og samræmdu öryggisstigi almenningsflugs í Evrópu sé viðhaldið á sama tíma og unnið er að markmiðum um almennar úrbætur á öryggi flugvalla.
- (3) Flugvellir og flugvallarbúnaður ásamt rekstri flugvalla skulu vera í samræmi við grunnkröfurnar í viðauka Va og, ef við á, viðauka Vb. 216/2008 skal farið fram á vottorð fyrir sérhvern flugvöll; samræmi við vottunargrunninn og framkvæmdarreglurnar þýðir að grunnreglurnar í viðauka Va og, ef við á, viðauka Vb séu uppfylltar; vottorðið og vottun um breytingar á vottorðinu skal gefa út þegar umsóknaraðilinn hefur sýnt fram á að flugvöllurinn uppfylli vottunargrunn flugvallarins; fyrirtæki, sem bera ábyrgð á rekstri flugvallarins skulu sýna fram á getu sína og aðferðir við að rækja skyldur sínar í samræmi við réttindin sem þeim eru veitt.
- (4) Þessi geta og aðferðir skulu vottuð með útgáfu eins eða aðskilins vottorðs ef aðildarríkin, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, svo ákveða. Réttindin, sem hinu vottaða fyrirtæki, eru veitt svo og gildissviðs vottorðsins, þar með talinn listi yfir flugvelli, sem nota á, skulu tilgreind í vottorðinu.
- (5) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 krefst þess að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi Evrópu L 79, 13.03.08, bls. 1

⁽²⁾ Stjórnartíðindi Evrópu L 309, 24.11.09, bls. 51

samþykki nauðsynlegar framkvæmdarreglur um skilyrðin fyrir hönnun og örugga notkun flugvalla, sem vísað er til í grein 8a(5), fyrir 31. desember 2013. Þessi reglugerð kveður á um þær framkvæmdarreglur.

- (6) Í því skyni að tryggja snurðulaus umskipti og hátt öryggisstig í almenningssflugi í Evrópusambandinu ættu framkvæmdarreglurnar að endurspeglar bestu starfshætti á sviði flugvalla; taka mið af gildandi stöðlum Alþjóðflugmálastofnunarinnar (hér á eftir vísað til sem ICAO) og ráðlögðum starfsháttum; og alþjóðlegri reynslu af rekstri flugvalla og vísindalegum og tæknilegum framförum á sviði flugvalla; vera í hlutfalli við stærð, umferð, flokk og margbreytileika flugvallarins og eðli og umfang starfseminnar á honum; kveða á um fullnægjandi sveigjanleika fyrir sérhannaða fylgni; og koma til móts við tilfelli um flugvallaskipulag sem hannað var fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, í samræmi við mismunandi kröfur í innlendri löggjöf aðildarríkjanna.
- (7) Nauðsynlegt er að veita flugiðnaðinum og stjórnarsýslu aðildarríkja nægilegan tíma til þess að aðlagja sig að þessum nýja ramma og til þess að sannreyna áframhaldandi gildi leyfa sem gefin voru út fyrir beitingu þessarar reglugerðar.
- (8) Aðildarríkin ættu að tryggja, eins og unnt er, að flugvellir undir stjórn og í rekstri hersins og opnir fyrir almenningssnotkun bjóði upp á öryggisstig sem er að minnsta kosti jafnmikið og farið er fram á í grunnkröfunum í viðauka Va og Vb við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Af þeim sökum geta aðildarríkin einnig áveðið að beita þessari reglugerð á fyrrnefnda flugvelli.
- (9) Aðildarríkin kunna að ákveða að undansegja flugvöll, sem færri en 10 000 farþegar fara um á ári hverju og eigi fleiri en 850 hreyfingar tengdar flugfrakt á hverju ári, frá ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Hins vegar skal gert ráð fyrir að fyrrnefndur flugvöllur og rekstur á honum sé í samræmi við almenn öryggismarkmið reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og aðrar reglur í löggjöf Evrópusambandsins. Af þeim sökum geta aðildarríkin einnig ákveðið að beita þessari reglugerð á fyrrnefnda flugvelli.
- (10) Kröfur fyrir þyrfluflugvelli (viðauki 14, bindi II, þyrfluflugvellir) bæði hvað varðar sjálfstæða blindflugsregluþyrfluflugvelli (IFR) svo og sjónflugsregluflugvelli (VFR) sem staðsettir eru við vottaða flugvelli verður ráðist í á síðari stigum. Þar til þær framkvæmdarreglur verða að veruleika ætti að beita viðeigandi innlendum reglum að því marki sem þær fari ekki gegn gildandi lög Evrópusambandsins.
- (11) Kröfur fyrir vottun á flugvallabúnaði, svo og eftirlit með hönnuðum og framleiðendum öryggisbúnaðar fyrir flugvelli, ættu að fylgja á síðari stigum sameiginlega með vinnunni, sem fara skal fram í tengslum við sérstök ATM kerfi og liði.
- (12) Kröfur fyrir hlaðstjórnunarþjónustu ættu að fylgja á síðari stigum og þær þróaðar í samstarfi við ATM- og flugvallasérfræðinga, og því ættu ákveðnar greinar þessarar reglugerðar að taka gildi þegar viðkomandi kröfur fyrir hlaðstjórnunarþjónustu hafa verið samþykktar.
- (13) Með það í huga að tryggja samræmi í beitingu sameiginlegra krafna, er mikilvægt að sameiginlegum stöðlum sé beitt af lögbæra stjórnvaldinu og, þar sem það á við, stofnuninni þegar verið er að meta fylgni við þessar kröfur; stofnunin ætti að þróa viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum og leiðbeiningarefni til að stuðla að nauðsynlegu stjórnarsýslusamræmi.

- (14) Með hliðsjón af hindranastjórnun í umhverfi flugvalla svo og annarri starfsemi utan marka flugvallarins var viðurkennt að í mismunandi aðildarríkjum kunni að vera mismunandi stjórnvöld og aðrir aðilar sem bera ábyrgð á eftirliti, mati á og mildun áhættna. Markmið þessarar reglugerðar er ekki að breyta núverandi skipan verkefna innan aðildarríkjanna. Á sama tíma ætti að tryggja snurðulausa skipan valdsviðs innan hvers aðildarríkis hvað varðar öryggi umhverfi flugvalla og eftirlit og mildun áhættna af völdum manna. Tryggja ætti að stjórnvöld, sem bera ábyrgð á að tryggja öryggi í kring um flugvelli, hafi fullnægjandi getu til þess að uppfylla skyldur sínar.
- (15) Undirhluti B í viðauka III (hluti ADR.OPS) við þessa reglugerð krefst þess að flugvellir bjóði upp á ákveðna þjónustu. Vera kann að rekstraraðili flugvallarins bjóði ekki með beinum hætti upp á þjónustuna, heldur önnur fyrirtæki eða ríkisaðilar eða sambland af báðum. Í slíkum tilvikum ætti rekstraraðilinn, þar sem hann ber ábyrgð á rekstri flugvallarins, að koma á fyrirkomulagi og sambandi við þessi fyrirtæki eða aðila til þess að tryggja að þjónustan sé veitt í samræmi við ákvæði laga. Þegar slíkt fyrirkomulag og samband er til staðar skal litið svo á að rekstraraðili flugvallarins hafi losnað undan ábyrgð sinni og ætti ekki að líta svo á að hann sé ábyrgur með beinum hætti eða skaðabótaábyrgur fyrir brotum annarra aðila sem eru aðilar að fyrirkomulaginu.
- (16) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 fjallar einungis um að flugvallarvottorð sé gefið út af lögbæru stjórnvaldi hvað öryggisþætti áhrærir. Af þeim sökum eru þeir þættir, sem ekki tengjast öryggismálum í núgildandi innlendum flugvallarvottorðum, óbreyttir.
- (17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð byggja á álit, sem EASA (hér eftir nefnd stofnunin) gaf út í samræmi við greinar 17(2)(b), og 19(1) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (18) Þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með 65. grein reglugerð (EB) nr. 216/2008,

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

Grein 1

Efni og gildissvið

1. Þessi reglugerð kveður á um ítarlegar reglur fyrir samræmda innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 216/2008 á sviði flugvalla.
2. Lögbær yfirvöld, sem hafa með vottun og eftirlitflugvalla að gera, rekstraraðilar flugvalla og hlaðstjórnunarþjónustur skulu uppfylla kröfur viðauka I við þessa reglugerð.
3. Rekstraraðilar flugvalla og hlaðstjórnunarþjónustur skulu uppfylla kröfur viðauka II við þessa reglugerð.
4. Rekstraraðilar flugvalla skulu uppfylla kröfur viðauka III við þessa reglugerð.
5. Þessi reglugerð kveður á um ítarlegar reglur um:
 - (a) skilyrði fyrir því að koma á og tilkynna umsækjanda um þann vottunargrunn sem gildir um flugvöll
 - (b) skilyrði fyrir útgáfu, viðhaldi, breytingum, takmörkunum, sviptingu eða afturköllun flugvallavottorða fyrir fyrirtæki, sem bera ábyrgð á rekstrinum eða flugvöllunum, þar á meðal rekstrartakmörkunum sem gilda um tiltekna hönnun flugvallarins;
 - (c) skilyrðin fyrir rekstri flugvallar í samræmi við grunnkröfurnar í viðauka Va og, ef við á, viðauka Vb við reglugerð (EB) nr 216/2008;
 - (d) skyldur vottorðshafa;
 - (e) skilyrði fyrir viðurkenningu og umbreytingu á núgildandi flugvallarvottorðum sem aðildarríki hafa gefið út;
 - (f) skilyrðin fyrir ákvörðun um að heimila ekki undanþágur, sem vísað er til í grein 4(3b) í reglugerð (EB) nr. 216/2008, þar á meðal viðmiðanir fyrir fraktflugvelli, tilkynningar um undanþegna flugvelli og endurskoðun á veittum undanþágum;
 - (g) skilyrðin fyrir því að rekstur skal bannaður, takmarkaður eða undirsettur ákveðnum skilyrðum í öryggisþágu;
 - (h) ákveðin skilyrði og ferla fyrir yfirlýsingu frá og eftirlit með hlaðstjórnunarþjónustuaðilum sem vísað er til í málsgrein 2(e) í grein 8a í reglugerð (EB) nr. 216/2008.

Grein 2

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð skulu eftirfarandi skilgreiningar gilda:

- (a) Hugtakið „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur“ þýðir leiðbeinandi staðlar, teknir upp af stofnuninni til að sýna fram á leiðir til að koma á fylgni við reglugerð (EB) nr.216/2008 og framkvæmdarreglna hennar;
- (b) „Tiltæk hemlunarvegalengd“ þýðir lengd tiltæks flugtaksbruns auk lengdar öryggisbrautar, ef hún er fyrir hendi.
- (c) „Flugvöllur“ þýðir skilgreint svæði (þar á meðal byggingar, fastur búnaður og búnaður) á landi eða vatni eða á föstu mannvirki, föstu mannvirki af landi eða fljótandi mannvirki sem ætlað er til notkunar annaðhvort í heild eða hluta fyrir komu, brottför og hreyfingar flugvélar á jörðu..
- (d) ‘flugturnspjónusta’ þýðir flugumferðarþjónusta fyrir umferð á flugvelli;
- (e) „Flugvallarbúnaður“ þýðir allur búnaður, tæki, fylgifé, hugbúnaður eða aukabúnaður, sem notaður er eða ætlaður er til notkunar við starfrækslu loftfars á flugvelli.
- (f) „loftferðagögn“ þýðir framsetning á flugstaðreyndum, hugtökum eða leiðbeiningum á stöðluðu sniði sem hentar samskiptum, túlkun eða úrvinnslu;
- (g) „Flugyfirborðsljós“ þýða öll ljós, sem sérstaklega eru ætluð til aðstoðar í flugi, önnur en ljós á loftfari.
- (h) „Loftfar“ þýðir vélknúin flugvél, sem þyngri er en loft, og byggir flugtak sitt aðallega á loftfræðilegum viðbrögðum á yfirborði sem stendur fast við ákveðin flugskilyrði.
- (i) ‘upplýsingaþjónusta flugmála’ þýðir þjónusta með staðfestu innan skilgreinds svæðis, sem hún nær til, og ber ábyrgð á veitingu flugupplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi, reglufestu og skilvirkni flugleiðsögu;
- (j) ‘Flugleiðsöguþjónusta’ þýðir flugumferðarþjónusta; samskipti, leiðsaga og eftirlitsþjónusta; veðurþjónusta fyrir flugleiðsögu; og upplýsingaþjónusta flugmála;
- (k) ‘flugumferðarþjónusta’ þýðir ýmiss konar upplýsingaþjónusta fyrir flug, viðvörðunarbúnaður, þjónusta við flugumferðarráðgjöf og flugumferðarstjórn (svæði, aðflug og flugturnspjónusta);
- (l) ‘Flugumferðarstjórn (ATC) þýðir’ þjónusta til þess að:
 - 1. koma í veg fyrir árekstra:
 - milli loftfars, og
 - á athafnarsvæðinu milli loftfars og hindrana; og
 - 2. hraða og viðhalda skipulegu flæði flugumferðar;
- (m) ‘Loftfar’ þýðir vél sem haldið er uppi í andrúmsloftinu af öðrum áhrifum lofts en þeirra áhrifa sem verða milli lofts og yfirborðs jarðar.
- (n) „loftfarastæði“ þýðir þar til gert svæði á flughlaði sem nota skal til þess að leggja loftfari;

- (o) „akbraut loftfarastæðis“ þýðir hluti af hlaði merkt sem akbraut og ætlað eingöngu til þess að veita aðgang að loftfarastæði;
- (p) 'Aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum' eru þær sem leggja til valkost annan en viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum eða þær sem leggja til nýjar leiðir til að koma á fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og útfærslureglur hennar sem stofnunin hefur ekki tekið upp neinar viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum fyrir;
- (q) „Viðvörunarþjónusta“ þýðir þjónusta fyrir tilkynningar til viðeigandi stofnana vegna loftfars í þörf fyrir leitar- og björgunaraðstoð og til þess að aðstoða slíkar stofnanir eftir þörfum.
- (r) 'Aðflugsstjórnunarþjónusta' þýðir ATC þjónusta við komu eða brottfarir flugs sem umsjón er með;
- (s) „Hlað“ þýðir skilgreint svæði ætlað fyrir flugvélar fyrir fermingu eða affermingu farþega, pósts, farms, eldsneytis, geymslu eða viðhald.
- (t) „hlaðstjórnunarþjónusta“ þýðir þjónusta til þess að stjórna starfsemi og hreyfingu loftfars og ökutækja á hlaði;
- (u) „hlaðakbraut“ þýðir hluti af akbrautarkerfi á hlaði sem ætlað er til þess að veita akleið yfir hlaðið;
- (v) 'Svæðisstjórnunarþjónusta' þýðir flugumferðarþjónusta fyrir stjórnun flug í loftrýmismisumdæmi;
- (w) „Endurskoðun“ þýðir kerfisbundið, sjálfstætt og skjalfest ferli til þess að ná í gögn og leggja mat á þau með hlutlægum hætti í því skyni að ákvarða að hvaða marki reglum er fylgt.
- (x) 'Vottunarforskriftir' eru tæknilegir staðlar samþykktir af stofnuninni í því skyni að sýna fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 and its Implementing Rules and which can be used by organisations for the purpose of certification;
- (y) 'Hindrunarlaust klifursvæði' þýðir skilgreint rétthyrnt svæði á jörðu niðri eða sjó undir stjórn viðeigandi aðila, valið eða undirbúið sem hæfilegt svæði þar sem flugvél getur tekið hluta upphaflegs klifurs að tilgreindri flughæð.
- (z) „Lögbært yfirvald“ þýðir yfirvald sem útnefnt er í samræmi við 3. grein þessarar reglugerðar.
- (aa) „Fjarskiptaþjónusta“ þýðir föst- og hreyfanleg loftferðaþjónusta í því skyni að bjóða upp fjarskipti á jörðu og í lofti í ATC tilgangi.
- (bb) „Viðvarandi eftirlit“ þýðir aðgerðirnar, sem framkvæma skal, til þess að sannreyna að skilyrðunum fyrir útgáfu vottorðsins sé stöðugt fylgt á gildistíma þess ásamt sérhverra öryggisráðstafana sem gripið er til.
- (cc) „Hættulegur varningur“ varningur þýðir hlutir eða efni sem geta verið hættuleg heilsu, öryggi, eignum eða umhverfi og eru sýnd í lista yfir hættulegan varning í tæknileiðbeiningunum eða eru flokkuð samkvæmt þeim leiðbeiningum.
- (dd) „gagnagæði“ gráða eða stig trausts fyrir því að veitt gögn uppfylli kröfur gagnanotandans hvað varðar nákvæmni, ásetning og heilindi;
- (ee) „Uppgefnar fjarlægðir“ þýða:
 - „Tiltækt flugtaksbrun (TORA)“,
 - „Tiltæk flugtaksvegalengd (TODA)“,

- „Tiltæk hemlunarvegalegd við flugtak (ASDA)“,
 - „tiltæk landingarvegalegd“;
- (ff) „Flugupplýsingaþjónusta“ skal þýða sú þjónusta, sem veitt er í því skyni að veita leiðbeiningar og upplýsingar sem nýtast við örugga og skilvirka stjórnun flugs.
- (gg) „mannlegir þættir“ þýða meginreglur, sem gilda um hönnun, vottun, þjálfun, starfrækslu og viðhald flugvéla og leita tenginga á milli mannglegra og annarra kerfishluta með viðeigandi tilliti til manlegrar frammistöðu;
- (hh) „mannleg geta“ þýðir mannleg geta og takmarkanir sem hafa áhrif á öryggi og skilvirkni flugstarfsemi;
- (ii) „Skoðun“ þýðir sjálfstætt, skjalfest samræmismat með athugunum og dómgreind ásamt, eftir því sem við á, mælingum, prófunum eða könnunum í því skyni að sannreyna fylgni við gildandi kröfur.
- (jj) „Tækjaakbraut“ þýðir ein af eftirfarandi akbrautargerðum ætluðum fyrir starfrækslu loftfars með því að nota blindaðflug:
1. „grunnaðflugsakbraut“. Tækjaakbraut þjónustuð af sjónrænum og öðrum aðstoðarkerfum, sem veita að minnsta kosti leiðbeiningar um áttir sem fullnægja að lágmarki fyrir beint aðflug.
 2. „nákvæmnisaðflugsflugbraut, flokkur I“. Tækjaflugbraut sem þjónustuð er af sjónrænum og öðrum aðstoðarkerfum, sem ætluð eru til notkunar fyrir ákvörðunarhæð ekki undir 60 m (200 ft) og skyggni annaðhvort eigi minna en 800 m eða flugbrautarskyggni eigi minna en 550 m;
 3. „nákvæmnisaðflugsflugbraut, flokkur II“. Tækjaflugbraut sem þjónustuð er af sjónrænum og öðrum aðstoðarkerfum, sem ætluð eru til notkunar fyrir ákvörðunarhæð undir 60 m (200 ft) en ekki undir 30 m (100 ft) og flugbrautarskyggni eigi minna en 300 m;
 4. „nákvæmnisaðflugsflugbraut, flokkur II“. Tækjaflugbraut þjónustuð af sjónrænum og öðrum aðstoðarkerfum á og meðfram yfirborði flugbrautarinnar og:
 - A. A er ætluð til notkunar þar sem ákvörðunarhæð er lægri en 30 m (100 ft), eða engri ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni eigi minna en 175 m;
 - B. er ætluð til notkunar þar sem ákvörðunarhæð er lægri en 15 m (50 ft), eða engri ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni minna en 175 m en eigi minna en 50 m;
 - C. ætluð til notkunar án ákvörðunarhæðar og án takmarkana á flugbrautarskyggni;
- (kk) „tiltæk landingarvegalegd“ þýðir lengd flugbrautar sem hefur verið lýst tiltæk og nothæf til brautarbruns við landingu flugvélar;
- (ll) „Starfsreglur í lélegu skyggni“ þýðir reglur á flugvelli sem hafa að markmiði að tryggja örugga starfsemi meðan á aðflugi stendur sem er lægra en samkvæmt almennum flokki I, öðru en almennum flokkum II, flokki II og III og flugtaki í lélegu skyggni.
- (mm) ‘flugtak í lélegu skyggni’ þýðir flugtak þar sem flugbrautarskyggni er minna en 400 m en ekki minna en 75m;

- (nn) 'starfsemi sem er lægri en almennur flokkur I' þýðir tækjaaðflug og landing í flokki I sem notar ákvörðunarhæð í flokki I, þar sem flugbrautarskyggni er minna en yfirleitt er tengt við viðeigandi ákvörðunarhæð en ekki minni en 400 m;
- (oo) „Athafnasvæði“ þýðir hluti flugvallar sem notað er fyrir flugtak, landingu og akstur loftfara, þó ekki flughlöð.
- (pp) „veðurbjónusta“ þýðir sú aðstaða og þjónusta sem veitir loftförum veðurspár, yfirlit og athuganir ásamt öðrum veðurfræðilegum upplýsingum og gögnum sem ríki veita til notkunar í flugi;
- (qq) „Leiðarmerki“ þýðir hlutur sem sýndur er ofar jörðu í því skyni að gefa til kynna hindrun eða gefa mörk til kynna.
- (rr) „Merking“ þýðir merki eða hópur af merkjum, sem sýnt er á yfirborði aksturssvæði í því skyni að veita flugupplýsingar.
- (ss) „Akstur“ þýðir annaðhvort flugtak eða landing.
- (tt) 'Aksturssvæði' þýðir hluti flugvallar sem notað er fyrir flugtak, landingu og akstur loftfara, það samanstendur af athafnasvæði og flughlaðinu;
- (uu) „Leiðsögubjónusta“ þýðir sú aðstaða og þjónusta sem veita loftförum staðsetningar og tímasetningarþjónustu.
- (vv) „Flugbraut án tækja“ þýðir flugbraut sem ætluð er loftförum sem nota sjónræna aðflugsferla.
- (ww) „Hindrun“ þýðir allir fastir (hvort sem tímabundnir eða viðvarandi) og hreyfanlegir hlutir eða hlutar þeirra, sem:
 - staðsettir eru á svæði, sem ætlað er fyrir yfirborðsakstur loftfars; eða
 - skaga yfir skilgreint yfirborð ætlað til verndunar loftförum á flugi; eða
 - stendur fyrir utan þessi skilgreindu yfirborð og sem metið hefur verið hættulegt loftleiðsögu.
- (xx) 'Annað en staðalflokkur II' þýðir nákvæmnisblindaðflug og landing með blindlandingarkerfi eða örbylgjulendingarkerfi þar sem sumir eða allir hlutar ljóskerfis í nákvæmnisaðflugi í flokki II eru ekki tiltækir, og með:
 - Ákvörðunarhæð undir 200 fetum en ekki undir 100 fetum; og
 - flugbrautarskyggni eigi minna en 350 m;
- (yy) „eftirlitsáætlunarskeið“ þýðir tímabil þar sem gildandi kröfur eru sannreyndar;
- (zz) „Malbikuð flugbraut“ þýðir flugbraut með hörðu yfirborði sem búið er til úr þróuðum og framleiddum efnum sem bindast saman með þeim hætti að þau séu varanleg og annaðhvort sveigjanleg eða stíf;
- (aaa) „Skjótafrein“ þýðir akbraut, sem tengist flugbraut með hvössu horni og er hönnuð til þess að heimila lendandi loftförum að beygja á meiri hraða en annars væri hægt á afreinum og þannig lágmarka notkunartíma flugbrauta;
- (bbb) „Flugbraut“ þýðir auðkennt rétthyrnt svæði á landi flugvallar fyrir landingu og flugtak loftfars.
- (ccc) 'flugbrautarskyggni' (e. runway visual range, RVR) er sú fjarlægð sem flugmaður loftfars á miðlínu flugbrautar getur séð yfirborðsmerkingar á flugbraut eða ljósin sem afmarka hana eða sýna miðlínu hennar.

- (ddd) „Öryggisstjórnunarkerfi“ þýðir kerfisbundin nálgun á hættustjórnun, þar á meðal nauðsynleg rekstrarleg samsetning, ábyrgð, stefnur og ferlar.
- (eee) „Skilti“ þýðir:
- ‘Fast skilti með skilaboðum þýðir skilti sem sýnir einungis ein skilaboð;
 - breytilegt skilti með skilaboðum þýðir skilti sem getur sýnt fjölmörg skilaboð, sem ákveðin eru fyrirfram, eða engin skilaboð, eins og við á;
- (fff) „Öryggisbraut“ þýðir auðkennt réttthyrnt svæði á jörðu við enda tiltæks flugtaksbruns sem ætlað er sem hentugt svæði, þar sem stöðva má loftfar ef hætt er við flugtak.
- (ggg) „tiltæk flugtaksvegalengd“ þýðir lengd tiltæks flugtaksbruns auk lengdar öryggisbrautar, ef hún er fyrir hendi;
- (hhh) „Tiltækt flugtaksbrun“ þýðir lengd flugbrautar sem lýst hefur verið tiltæk og nothæf til brautarbruns við flugtak flugvélar.
- (iii) „Akbraut“ þýðir auðkennd leið á landi flugvallar fyrir akstur loftfars og ætluð er til þess að vera leið á milli eins hluta flugvallarins og annars, þar á meðal:
- akbraut loftfarastæðis,
 - akbraut flughlaðs,
 - skjótafrein;
- (ijj) „Tæknileiðbeiningar“ þýðir síðasta gilda útgáfa Tæknileiðbeininga fyrir öruggan flutning hættulegs varnings í lofti (Doc 9284-AN/905) þar á meðal viðaukinn og sérhver viðbót, sem samþykkt er og birt af Alþjóðaflugmálastofnuninni.
- (kkk) „Skilmálar vottorðsins“ hefur eftirfarandi þýðingar:
- Staðsetningarvísi ICAO
 - rekstrarskilyrði (sjónflug/blindflug, dagur/nótt),
 - flugbraut - yfirlýstar fjarlægðir,
 - tegundir aðflugs í boði,
 - tilvísunarkóði flugvallar,
 - Umfang flugstarfsemi með hærri tilvísunarstafkóða flugvallar
 - Tilhögun hlaðstjórnunarþjónustu (já/nei)
 - björgunar- og brunavernd;
- (lll) „Sjónræn leiðsögukerfi“ þýðir vísar og ljósamerkjabúnaður, merkingar, ljós, skilti og merkingar eða sambland af þeim.

Grein 3

Eftirlitsgeta

1. Aðildarríki skulu tilnefna einn eða fleiri aðila sem lögbært yfirvald innan viðkomandi aðildarríkis með fullnægjandi getu og ábyrgð fyrir vottun og eftirlit með flugvöllum, svo og starfsmönnum og fyrirtækjum í tengslum við þá, innan gildissviðs og nothæfni reglugerðar (Eb) nr. 216/2008.
2. Hið lögbæra yfirvald skal vera óháð flugvallarrekstraraðila og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu. Þessu sjálfstæði skal náð með fullnægjandi aðskilnaði, að minnsta kosti á virkum vettvangi, á milli hins lögbæra yfirvalds og slíkra fyrirtækja. Aðildarríki skulu tryggja að lögbæru stjórnvöldin beiti valdi sínu á hlutlausan og gagnsæjan hátt.
3. Tilnefni aðildarríki fleiri en einn aðila sem lögbært stjórnvald:
 - (a) skal hæfnisvið hvers lögbærs stjórnvalds vera glögglega skilgreint hvað varðar ábyrgð og landfræðilegar takmarkanir; og
 - (b) samræmingu milli þessara aðila skal komið á til þess að tryggja skilvirkt eftirlit með öllum flugvöllum og rekstraraðilum flugvalla svo og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu, sem heyra undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar innan viðkomandi valdsviðs þeirra.
4. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlega getu og úrræði til þess að uppfylla skyldur þeirra samkvæmt þessari reglugerð.
5. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk lögbærs stjórnvalds framkvæmi ekki umsjónaraðgerðir þegar fyrirliggjandi gögn benda til þess að það gæti leitt á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunaáreksturs, einkum í tengslum við fjölskyldu eða fjárhagslega hagsmuni.
6. Starfsfólk sem samþykkt er af lögbæra stjórnvaldinu til að framkvæma vottunar- og/eða umsjónarverkefni skal útnefnt til eftirfarandi verkefna hið minnsta:
 - (a) að rannsaka skýrslur, gögn, ferli og annað efni sem á við um framkvæmd vottunar- og/eða umsjónarverkefna;
 - (b) að gera eftirrit af eða taka úrdrátt úr slíkum skýrslum, gögnum, ferlum og öðru efni;
 - (c) að biðja um munnlega útskýringu á vettvangi;
 - (d) að fara inn á flugvelli, viðeigandi húsakynni eða rekstrarstaði eða önnur svæði og flutningatæki;
 - (e) framkvæma endurskoðun, rannsóknir, prófanir, æfingar, mat, skoðanir; og
 - (f) að grípa til framfylgdarráðstafana eins og við á.
7. Verkefnin samkvæmt málsgrein 6 skal framkvæma í samræmi við lagaleg ákvæði viðkomandi aðildarríkis.

Grein 4

Upplýsingar til stofnunarinnar

Innan þriggja mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skal aðildarríki upplýsa stofnunina um nöfn og staðsetningu flugvalla sem og ICAO kóða flugvallanna sem og nöfn rekstraraðila flugvalla, ásamt fjölda farþega- og farmflutninga flugvallanna sem ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessarar reglugerðar gilda um.

Grein 5

Undanþágur í samræmi við 4. grein (3b) reglugerðar (EB) nr. 216/2008

1. Aðildarríki skal, innan mánaðar frá ákvörðun um veitingu undanþágu í samræmi við 4. grein (3b) reglugerðar (EB) nr. 216/2008, upplýsa stofnunina um flugvöllinn sem hana hlaut. Upplýsingarnar til stofnunarinnar skulu auk þess innihalda nafn rekstraraðila flugvallarins og umferðartölur um fjölda farþega og farmhreyfingar flugvallarins frá viðkomandi ári.
3. Aðildarríkið skal árlega endurskoða umferðartölur frá flugvelli á undanþágu og upplýsa stofnunina ef farið er fram yfir viðeigandi umferðartölur flugvallarins á síðust þremur árum í röð og skal þá afturkalla undanþáguna.
4. Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er ákveðið að veita ekki heimild fyrir undanþágu ef:
 - (a) almenn öryggismarkmið reglugerðar (EB) 216/2008 eru ekki uppfyllt; eða
 - (b) slík undanþága er ekki í samræmi við aðrar lög Evrópusambandsins; eða
 - (c) farið hefur verið yfir viðeigandi farþega- og farmumferðartölur síðastliðin þrjú ár samfleytt.

Í slíku tilviki skal viðkomandi aðildarríki afturkalla undanþáguna.

Grein 6

Umbreyting vottorða

1. Vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi, fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, skulu halda gildi sínu þar til viðeigandi vottorð hafa verið gefin út í samræmi við þessa grein eða að hámarki í 48 mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar.
2. Áður en tímabilið, sem tilgreint er í málsgrein 1 er á enda, skal hið lögbæra yfirvald gefa út vottorð í samræmi við þessa reglugerð fyrir viðkomandi flugvelli og rekstraraðila flugvalla, ef:
 - (a) vottunargrunninum hefur verið komið á fót með því að nota vottunarforskriftirnar útgefnum af stofnuninni, þar með talið öll tilfelli um sambærilegt öryggisstig og sérstakar aðstæður sem skilgreindar hafa verið og skjalfestar; og

- (b) vottorðshafinn hafi sýnt fram á fylgni við vottunarforskriftirnar sem eru frábrugðnar þeim innlendu kröfum sem giltu við útgáfu vottorðsins; og
 - (c) vottorðshafinn hafi sýnt fram á fylgni við þær kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, sem gilda um fyrirtæki hans og starfsemi hans og eru frábrugðnar innlendum reglum sem giltu við útgáfu vottorðsins.
3. Með undanþágu frá málsgrein 2(b) getur hið lögbæra yfirvald ákveðið að fara ekki fram á að sýnt sé fram á samræmi ef sýnt þykir að slíkt hafi í för með sér óæskilega eða ósamsvarandi fyrirhöfn.
 4. Hið lögbæra yfirvald skal halda skrá yfir umbreytingarferli á sínum vegum.

Grein 7

Frávik frá vottunarforskriftum

1. Í vottunarferlinu fyrir útgáfu vottorðs í samræmi við þessa reglugerð og viðauka hennar, má lögbært yfirvald samþykkja fram til 31. desember 2024, umsóknir um vottorð, þar með talið frávik frá vottunarforskriftunum sem stofnunin hefur gefið út, af:
 - (a) slík frávik teljast hvorki tilvik um sambærilegt stig af öryggi samkvæmt ADR.AR.C.020 né sem tilvik um sérstakar aðstæður samkvæmt ADR.AR.C.025 í viðauka I við þessa reglugerð; og
 - (b) slík frávik hafa verið fyrir hendi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar; og
 - (c) slík frávik virða grunnkröfurnar í viðauka Va við reglugerð (EB) nr. 216/2008 þær bættar upp af mótvægisaðgerðum og leiðréttandi aðgerðum eins og við á; og
 - (d) öryggismati til stuðnings öllum slíkum frávikum hefur verið lokið.
2. Hið lögbæra yfirvald skal safna saman gögnum til stuðnings skilyrðunum að ofan í Samþykkis- og aðgerðarskjal fyrir frávik (e. Deviation Acceptance and Action Document, DAAD). Hið lögbæra yfirvald skal tilgreina tímabil fyrir samþykki slíkra frávika.
3. Skilyrðin, sem vísað er til í málsgrein (1)(a), (c) og (d) að ofan skal endurskoða og meta af flugrekandanum og hinu lögbæra yfirvaldi fyrir áframhaldandi gildi þeirra og réttlætingu, eins og við á. Þessu skjali skal breytt eins og þörf krefur.

Grein 8

Stjórnun öryggis flugvallarumhverfis

1. Aðildarríkin skulu tryggja viðeigandi samráð með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda innan marka þess að takmarka hindranir og vernda yfirborð og aðra fleti sem tengjast flugvellingum.
2. Aðildarríkin skulu tryggja viðeigandi samráðmeð tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda utan marka þess að takmarka hindranir og vernda yfirborð og aðra fleti sem tengjast flugvellingum og sem skaga yfir hæð sem aðildarríki hefur skilgreint.
3. Aðildarríkin skulu tryggja samræmingu við önnur aðildarríki á öryggismálum flugvalla sem staðsettir eru nálægt landamærum.

Grein 9

Eftirlit með umhverfi flugvalla

Aðildarríkin skulu tryggja viðeigandi ráðumleitan með hliðsjón af mannlegri starfsemi og landnotkun eins og, en takmarkast ekki við, þætti á eftirfarandi lista:

- (a) sérhverja þróun eða breytingu á landnotkun á flugvallarsvæðinu;
- (b) sérhverja þróun sem kann að skapa ókyrrð af völdum hindrana sem gæti skapað hættuástand við notkun loftfara;
- (c) notkun hættulegra, ruglingslegra og villandi ljósa;
- (d) notkun mjög endurspeglandi yfirborðs sem kann að valda ofbirtu;
- (e) gerð svæða sem kunna að hvetja til dýralífs sem geta valdið tjóni á notkun loftfara;
- (f) uppsprettu ósýnilegrar geislunar eða tilvist hreyfanlegra eða fastra hluta sem kunna að trufla eða hafa alvarleg áhrif á framkvæmd flugfjarskipta-, siglingafræði- og eftirlitskerfa.

Grein 10

Hættustjórnun dýralífs

1. Aðildarríkin skulu tryggja að mat sé lagt á hættur af árekstri dýra með:
 - (a) því að koma á fót innlendum ferlum til þess að skrásetja og tilkynna um árekstur dýra og loftfara;
 - (b) söfnun upplýsinga frá flugrekendum, starfsfólki flugvalla og öðrum heimildum um tilvist villtra dýra sem skapa hugsanlega hættu fyrir starfrækslu loftfara; og;
 - (c) viðvarandi mati til þess hæfs starfsfólks á hættum sem stafa af dýralífi.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að skýrslum um árekstra dýra sé safnað og þær áframsendar til ICAO svo þær verði hluti af upplýsingagrunni ICAO um árekstra dýra.

Grein 11

Neyðaráætlun nærsamfélags

Aðildarríkin skulu tryggja að áætlun sé til staðar fyrir nærsamfélög um flugneyðarástand í nánasta umhverfi flugvallarins.

Grein 12

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún hefur verið auglýst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Lögbær yfirvöld, sem hafa með vottun og eftirlit flugvalla að gerarekstraraðilar flugvalla og hlaðstjórnunarþjónustur skulu uppfylla kröfur viðauka I við þessa reglugerð innan 48 mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar.
3. Þrátt fyrir 1. málsgrein skulu viðaukar II og viðauka III við þessa reglugerð gilda um flugvelli, sem vottorð hafa verið gefin út fyrir í samræmi við 6. grein, frá útgáfudagsetningu vottorðsins.
4. Flugvellir í vottunarferli, sem hafið var fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, en hafa ekki fengið útgefið vottorð fyrir dagsetningu gildistökkunnar, skulu einungis fá útgefið vottorð þegar þeir uppfylla þessa reglugerð.
5. Greinar ADR.AR.C.050 og ADR.OR.B.060 í viðaukum I og II við þessa reglugerð, ásamt viðbót II við viðauka II, skulu koma til notkunar þegar innleiðingarreglur fyrir ákvæði um hlaðstjórnunarþjónustu hafa tekið gildi. Greinar ADR.AR.A.015 og ADR.OR.A.015 skulu ekki gilda um veitendur hlaðstjórnunarþjónustu fyrr en framkvæmdarreglur fyrir ákvæði hlaðstjórnunarþjónustu hafa tekið gildi.
6. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gert í Brussel, [...]

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar
Forsetinn
[...]*

VIÐAUKI I

Hluti stjórnvaldskröfur – flugvellir (hluti ADR.AR)

UNDIRHLUTI A – ALMENNAR KRÖFUR (ADR.AR.A)

ADR.AR.A.001 Gildissvið

Þessi viðauki kveður á um kröfur fyrir lögbær yfirvöld, sem taka þátt í vottun og eftirliti með flugvöllum, rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.AR.A.005 Lögbært yfirvald

Lögbært yfirvald, tilnefnt af aðildarríkinu þar sem flugvöllur er staðsettur, skal bera ábyrgð á:

- (a) vottun og eftirliti með flugvellinum og rekstraraðilum flugvallarins;
- (b) hafa eftirlit með veitendum hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.AR.A.010 Eftirlitsgögn

- (a) Lögbæra stjórnvaldið skal útvega viðkomandi starfsfólki allar lagaaðgerðir, staðla, reglur, tæknilegar útgáfur og skjöl þar að lútandi, svo að því sé gert kleift að leysa sín verkefni og sinna skyldum sínum.
- (b) Lögbæra yfirvaldið skal hafa löggjöf, staðla, reglur, tæknileg rit og tengd skjöl á boðstólum fyrir rekstraraðila flugvalla og aðra áhugasama aðila í því skyni að auðvelda þeim að fylgja gildandi kröfum.

ADR.AR.A.015 Uppfylling krafna

- (a) Stofnunin skal þróa viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum (e. Acceptable Means of Compliance, AMC) sem nota má til að koma á fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og útfærslureglur hennar. Þegar fylgni við viðurkenndar aðferðir til þess að uppfylla kröfur er til staðar, eru kröfur útfærslureglanna þar að lútandi uppfylltar.
- (b) Nota má aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum til að koma á fylgni við útfærslureglurnar.
- (c) Lögbæra stjórnvaldið skal koma á fót kerfi til þess að meta stöðugt hvort þessa önnur leið til þess uppfylla kröfurnar, sem notaðar eru af því sjálfu eða af rekstraraðilum flugvalla eða veitendum hlaðstjórnunarþjónustu undir eftirliti þess koma á fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og útfærslureglur hennar.
- (d) Lögbæra yfirvaldið skal leggja mat á þær aðrar leiðir til þess að uppfylla kröfur, sem rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu leggur til, í samræmi við ADR.AR.A.015 með greiningu á fyrirliggjandi gögnum og, ef þörf krefur, með skoðun á rekstraraðila flugvallarins, flugvellinum eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustunnar.

Þegar lögbæra yfirvaldið kemst að því að sú önnur leið til þess að uppfylla kröfur, sem lögð er til af rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustunnar er í samræmi við framkvæmdareglurnar, skal það án óþarfar tafar:

- (1) tilkynna umsækjandanum um að útfæra megi umræddar aðrar leiðir til að fullnægja skilyrðum og, ef við á, breyta vottorði eða samþykki umsækjandans í samræmi við það;
 - (2) upplýsa stofnunina um innihald þeirra, þar á meðal afrit af viðeigandi skjölum;
 - (3) upplýsa önnur aðildarríki um þá aðra leið við að uppfylla kröfur sem samþykkt var;
 - (4) upplýsa aðra vottaða flugvelli, sem staðsettir eru í aðildarríki hins lögbæra yfirvalds, eins og við á.
- (e) Þegar lögbæra stjórnvaldið sjálft notast við aðrar leiðir við að uppfylla kröfur til þess að ná fram fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og útfærslureglur hennar skal það:
- (1) gera þær aðgengilegar rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu undir eftirliti þess; og
 - (2) tilkynna stofnuninni um það án óþarfa tafa.

Lögbæra stjórnvaldið skal láta stofnuninni í té tæmandi lýsingu á umræddum öðrum leiðum til að fullnægja skilyrðum, þar á meðal allar endurbætur á ferlum sem gætu skipt máli, sem og mat sem sýnir fram á að útfærslureglur séu uppfylltar.

ADR.AR.A.025 Upplýsingar til stofnunarinnar

- (a) Lögbæra stjórnvaldið skal, án óþarfa tafa, tilkynna stofnuninni komi til verulegra vandamála hvað varðar útfærslu reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.
- (b) Lögbæra stjórnvaldið skal láta stofnuninni í té upplýsingar er varða öryggi sem tilkomnar eru vegna atvikatilkynninga sem því hefur borist.

ADR.AR.A.030 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

- (a) Með fyrirvara við tilskipun 2003/42/EB³, skal lögbæra stjórnvaldið útfæra kerfi sem á viðeigandi hátt safnar, greinir og dreifir öryggisupplýsingum.
- (b) Stofnunin skal útfæra kerfi til að greina á viðeigandi hátt allar viðeigandi öryggisupplýsingar sem berast og láta aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni í té allar upplýsingar án óþarfa tafa, þar á meðal ráðleggingar eða leiðréttandi aðgerðir sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru þeim til að bregðast tímanlega við öryggisvandamáli er varðar flugvelli, rekstraraðila flugvalla eða veitendur hlaðstjórnunarþjónustu sem falla undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.
- (c) Þegar upplýsingarnar, sem vísað er til í (a) og (b) hafa borist skal lögbæra yfirvaldið grípa til fullnægjandi ráðstafana til þess að takast á við öryggisvandamálið, þar með talið gefa út öryggistilskipanir í samræmi við ADR.AR.A.040.
- (d) Tilkynna skal rekstraraðilum flugvalla eða veitendum hlaðstjórnunarþjónustu, sem gert er að fylgja þeim samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, tafarlaust um ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt. Lögbæra stjórnvaldið skal einnig tilkynna stofnuninni um þessar ráðstafanir og, þegar samræmdra aðgerða er krafist, öðrum aðildarríkjum er málið varðar.

³ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um atvikatilkynningu í almenningflugum (Stjórnartíðindi Evrópu L 167, 4.7.2003, bls. 23).

ADR.AR.A.040 Öryggistilskipanir

- (a) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út öryggistilskipun ef hún hefur komist að raun um að óörugg skilyrði, sem krefjast tafarlausra aðgerða, séu til staða, þar á meðal að sýnd sé fylgni við breyttar eða viðbættar vottunarforskriftir frá stofnuninni sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegar.
- (b) Öryggistilskipunina skal áframsenda til viðkomandi rekstraraðila flugvalla eða veitenda hlaðstjórnunarþjónustu, eins og við á, og skal hún innihalda, að lágmarki, eftirfarandi upplýsingar:
 - (1) tilgreiningu hins ótrygga ástands;
 - (2) tilgreiningu á þeirri hönnun, búnaði eða starfsemi sem um ræðir;
 - (3) þær aðgerðir sem farið er fram á og rökin fyrir þeim, þar á meðal breyttar eða viðbættar vottunarforskriftir sem fara skal eftir;
 - (4) tímamörkin fyrir fylgni við þær ráðstafanir sem krafist er; og
 - (5) dagsetning gildistöku hennar.
- (c) Lögbæra yfirvaldið skal áframsenda afrit af öryggistilskipuninni til stofnunarinnar.
- (d) Lögbæra yfirvaldið skal sannreyna fylgni rekstraraðila flugvalla og veitenda hlaðstjórnunarþjónustu við gildandi öryggistilskipanir.

UNDIRHLUTI B - STJÓRN (ADR.AR.B)

ADR.AR.B.0005 Stjórnkerfi

- (a) Lögbæra stjórnvaldið skal stofnsetja og viðhalda stjórnkerfi, þar á meðal að lágmarki:
- (1) skjalfestum stefnum og ferlum sem lýsa skipulagi, leiðum og aðferðum þess við að ná fram fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og útfærslureglur hennar. Halda skal ferlunum uppfærðum og þeir skulu vera grunnvinnuskjal innan þess lögbæra stjórnvalds fyrir öll verkefni þar að lútandi;
 - (2) nægilegum fjölda starfsfólks, þar á meðal flugvallaeftirlitsmenn, til þess að leysa verkefni og sinna skyldum þess. Slíkt starfsfólk skal vera hæft til að framkvæma þau verkefni sem þeim er úthlutað og búa yfir nauðsynlegri þekkingu, reynslu, frumþjálfun, starfsþjálfun og símenntun til þess að tryggja áframhaldandi hæfi. Kerfi skal vera til staðar til áætlunar á tiltækileika starfsfólks, svo að tryggt sé að öllum verkefnum sé réttilega lokið;
 - (3) viðeigandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til framkvæmdar á úthlutuðum verkefnum;
 - (4) formlegt ferli til vöktunar á stjórnkerfinu með viðeigandi kröfum og fullnægjandi ferlum, þar á meðal að komið sé á fót innri endurskoðunarferlum og hættustjórnunarferli.
- (b) Lögbæra stjórnvaldið skal, fyrir hvert aðgerðasvið í stjórnkerfinu, skipa einn eða fleiri einstaklinga til að bera heildarábyrgð á stjórnun viðkomandi verkefnis/verkefna.
- (c) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót ferlum fyrir þátttöku í gagnkvæmri miðlun allra nauðsynlegra upplýsinga og aðstoðar við önnur lögbær yfirvöld sem eiga í hlut

ADR.AR.B.010 Úthlutun verkefna til hæfra aðila

- (a) Verkefnum, sem tengjast upphafsvottuninni eða viðvarandi eftirliti yfir einstaklingum eða fyrirtækjum, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar skal úthlutað af aðildarríkjunum til hæfra aðila. Við úthlutun verkefna skal lögbært yfirvald tryggja að það hafi:
- (1) kerfi til staðar í því skyni að leggja mat í upphafi og stöðugt á hvort hinn hæfi aðili fylgi viðauka V við reglugerð (EB) nr. 216/2008.
Þetta kerfi og niðurstöður matsins skulu skjalfestar.
 - (2) komið á skriflegum samningi við hinn hæfa aðila, sem samþykktur er af báðum aðilum á viðeigandi stjórnunarstigi, sem á skýran hátt skilgreinir:
 - (i) verkefnin sem framkvæma á;
 - (ii) þær yfirlýsingar, skýrslur og gögn sem veita á;
 - (iii) hin tæknilegu skilyrði sem uppfylla á við framkvæmda slíkra verkefna;
 - (iv) ábyrgðartryggingu þar að lútandi; og
 - (v) þá vernd sem veitt er upplýsingum sem safnað er við framkvæmd slíkra verkefna.

- (b) Lögbæra stjórnvaldið skal tryggja að þeir innri endurskoðunarferlar og stjórnunarferlar fyrir öryggishættur, sem krafist er í ADR.AR.B.005(a)(4), nái til allra vottana eða viðvarandi eftirlitsverkefna sem framkvæmd eru fyrir hönd þess.

ADR.AR.B.015 Breytingar á stjórnkerfinu

- (a) Lögbæra stjórnvaldið skal hafa á að skipa kerfi til að bera kennsl á breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að vinna verkefni sín og sinna skyldum sínum eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdareglum hennar. Þetta kerfi skal gera því kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnkerfið haldi áfram að vera viðunandi og skilvirkt.
- (b) Lögbæra stjórnvaldið skal uppfæra stjórnkerfi sitt svo það endurspegli tímanlega allar breytingar á reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, svo að skilvirk útfærsla sé tryggð.
- (c) Lögbæra stjórnvaldið skal tilkynna stofnuninni um breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að vinna verkefni sín og sinna skyldum sínum eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.

ADR.AR.B.020 Skýrsluhald

- (a) Lögbæra stjórnvaldið skal koma á fót skráningarkerfi sem veitir viðunandi geymslu, aðgengi og áreiðanlegan rekjanleika á:
- (1) skjalfestra stefna og ferla stjórnunarkerfisins;
 - (2) þjálfun, hæfni og leyfisveitingum til starfsfólks hennar;
 - (3) úthlutun verkefna, sem nær til þeirra atriða sem krafist er af ADR.AR.B.010 sem og upplýsingum um þau verkefni sem úthlutað er;
 - (4) vottunarferlum og stöðugu eftirliti með flugvöllum og rekstraraðilum flugvalla;
 - (5) yfirlýsingarferlum og stöðugu eftirliti með veitendum hlaðstjórnunarþjónustu;
 - (6) gögnum varðandi tilvik um sambærilegt öryggisstig og sérstakar aðstæður, sem finna má í vottunargrunninum, ásamt öllum Samþykkis- og aðgerðarskjölum fyrir frávik (DAAD);
 - (7) mati og tilkynningum til stofnunarinnar um aðrar aðferðir við að uppfylla kröfur sem lagðar eru til af rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu og mati á öðrum aðferðum við að uppfylla kröfur sem lögbæra stjórnvaldið notast sjálft við;
 - (8) niðurstöðum, leiðréttingum aðgerðum og dagsetningum aðgerðalykta;
 - (9) framfylgdarráðstöfunum sem gripið er til;
 - (10) öryggisupplýsingum og eftirfylgniráðstöfunum; og
 - (11) notkun sveigjanleikaákvæða í samræmi við 14. grein í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (b) Lögbæra yfirvaldið skal halda lista yfir öll vottorð, sem það gefur út, og yfirlýsingar sem því berst.
- (c) Skrár, sem tengjast vottun flugvalla og rekstraraðilum flugvalla, eða yfirlýsing frá veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, skulu geymdar út líftíma vottorðsins eða yfirlýsingarinnar;

- (d) Skrár, sem tengjast (a)(1), (a)(3) og (a)(7), (a)(11) skulu geymdar í að lágmarki 5 ár, í samræmi við gildandi lög um gagnavernd.

UNDIRHLUTI C – EFTIRLIT, VOTTUN OG FRAMFYGLD (ADR.AR.C)

ADR.AR.C.005 Eftirlit

- (a) Lögbæra stjórnvaldið skal staðfesta:
- (1) fylgni við vottunargrunninn og allar kröfur, sem gilda um flugvelli og rekstraraðila flugvalla, áður en samþykki eða vottorð er gefið út;
 - (2) áframhaldandi fylgni við vottunargrunninn og gildandi kröfur til flugvalla og rekstraraðila flugvalla eða veitenda hlaðstjórnunarþjónustu samkvæmt yfirlýsingarskyldunni; og
 - (3) innleiðingu viðeigandi öryggisráðstafana, eins og þær eru skilgreindar í ADR.AR.A.030(c) og (d).
- (b) Þessi staðfesting skal:
- (1) styðjast við gögn sem eru sérstaklega ætluð til að veita starfsmönnum sem bera ábyrgð á öryggisumsjón leiðbeiningar um útfærslu hlutverks síns;
 - (2) sjá viðkomandi rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu fyrir niðurstöðum öryggiseftirlitsins.
 - (3) byggjast á endurskoðunum og skoðunum, þar á meðal fyrirvaralausum þar sem við á; og
 - (4) veita lögbæra stjórnvaldinu þau gögn sem það þarf sé frekari aðgerða krafist, þar á meðal ráðstafanirnar sem gert er ráð fyrir í ADR.AR.C.055
- (c) Umfang eftirlitsins skal taka mið af niðurstöðum fyrri eftirlits og þeirra forgangsatrida í öryggismálum sem auðkennt hafa verið.
- (d) Lögbæra stjórnvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast nytsamar fyrir umsjón, þar á meðal fyrirvaralausar skoðanir, eins og við á.
- (e) Lögbæra stjórnvaldið, í samræmi við eftirlitsheimildir þess, kann að ákveða að fara fram á fyrirfram samþykki á öllum hindrunum, framkvæmdum og annarri starfsemi innan eftirlitssvæðanna, af hendi rekstraraðila flugvallarins í samræmi við ADR.OPS.B.075, sem kann að stefna öryggi í voða og hefur neikvæð áhrif á starfsemi flugvallarins.

ADR.AR.C.010 Eftirlitsáætlun

- (a) Lögbæra stjórnvaldið skal í tilviki sérhvers rekstraraðila flugvallar og veitanda hlaðstjórnunarþjónustu sem tilkynna um starfsemi til lögbæra yfirvaldsins:
- (1) koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun sem nær til þess eftirlitsstarfs sem krafist er í ADR.AR.C.055;
 - (2) beita viðeigandi áætlun um hvenær eftirlitið fer fram og eigi sjaldnar en á 48 mánaða fresti.
- (b) Eftirlitsáætlunin skal í hverju eftirlitsáætlunarskeiði taka til endurskoðana og skoðana, þar á meðal fyrirvaralausra skoðana, eins og við á.
- (c) Eftirlitsáætlunin og áætlunarskeiðið skulu endurspeglu öryggisframmistöðu rekstraraðila flugvallarins og hættuna sem stafar af flugvellinum.

- (d) Eftirlitsáætlunin skal fela í sér gögn um hvenær endurskoðanir, skoðanir eiga að fara fram og hvenær slíkar endurskoðanir, skoðanir hafa farið fram.

ADR.AR.C.015 Upphaf vottunarferlisins

- (a) Við móttöku umsóknar um frumútgáfu vottorðs fyrir stofnun, skal lögbæra stjórnvaldið meta umsóknina og fylgni hennar við viðeigandi kröfur.
- (b) Í tilvikum flugvallar, sem þegar er til staðar, skal lögbæra yfirvaldið lýsa skilyrðunum, sem rekstraraðili flugvallarins, skal fara eftir við rekstur hans á vottunartímanum, nema lögbæra yfirvaldið komist að því að rekstur flugvallarins skuli stöðvaður. Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa rekstraraðila flugvallarins um væntanlega áætlun fyrir vottunarferlið og ljúka vottuninni á eins stuttum tíma og mögulegt er.
- (c) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og tilkynna umsækjandanum um vottunargrunninn í samræmi við ADR.AR.C.020.

ADR.AR.C.020 Vottunargrunnurinn

Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og tilkynna umsækjanda um vottunargrunninn og skal hann samanstanda af:

- (a) vottunarforskriftum, sem stofnunin hefur gefið út í samræmi við gildandi ákvarðanir lögbæra yfirvalda varðandi hönnun og gerð flugvallarinsrekstursins og eru í gildi á umsóknardeginum um viðkomandi vottorð, nema:
 - (1) umsækjandinn velji að fylgja síðari gildandi breytingum; eða
 - (2) lögbæra yfirvaldið komist að því að fylgni við slíkar síðari breytingar sé nauðsynleg;
- (b) öll ákvæði sem samþykkt hafa verið af stofnuninni um sambærilegt öryggisstig, og ber umsækjanda að sýna fram á hæfni þeirra;
- (c) öll sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um í samræmi við ADR.AR.C.025, sem lögbæru yfirvaldi þykir nauðsynlegt að fylgja skuli með vottunargrunninum.

ADR.AR.C.025 Sérstök skilyrði

- (a) Lögbæra yfirvaldið skal skipa fyrir um sérstakar ítarlegar tæknilegar forskriftir, að nafni sérstök skilyrði, fyrir flugvöll, ef viðkomandi vottunarforskriftir gefnar út af stofnuninni og vísað er til í grein ADR.AR.C.020(a) eru ófullnægjandi eða óviðeigandi til þess að tryggja fylgni við grunnkröfur viðauka Va við reglugerð (EB) nr. 216/2008, vegna þess að:
 - (1) vottunarforskriftirnar er ekki hægt að uppfylla vegna eðlislegra, staðfræðilegra eða álíkra takmarkana sem tengjast staðsetningu flugvallarins;
 - (2) flugvöllurinn hefur nýstárlega eða óvenjulega hönnunareiginleika; eða
 - (3) reynsla af rekstri flugvallarins eða annarra flugvalla með svipaða hönnun hefur sýnt að öryggi kunni að vera stefnt í voða.
- (b) Sérstöku skilyrðin skulu innihalda þær tæknilegu forskriftir, þar á meðal takmarkanir eða ferla sem fara skal eftir, sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegar, til þess að tryggja fylgni við grunnkröfurnar sem kveðið er á um í viðauka Va við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

ADR.AR.C.035 Útgáfa vottorðs

- (a) Lögbæra yfirvaldið kann að þurfa að framkvæma skoðun, prófun, öryggismat eða æfingu, sem það telur nauðsynlegt áður en vottorð er gefið út.
- (b) Lögbæra stjórnvaldið skal annaðhvort gefa út:
 - (1) einfalt flugvallarvottorð; eða
 - (2) tvö aðskilin vottorð, annað fyrir flugvöllinn og hitt fyrir rekstraraðila flugvallarins.
- (c) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út vottorðið/in sem lýst er í málsgrein (b) þegar rekstraraðili flugvallarins hefur sýnt lögbæra yfirvaldinu með fullnægjandi hætti fram á fylgni við ADR.OR.B.025 og ADR.OR.E.005.
- (d) Vottorðið skal teljast innihalda vottunargrunn flugvallarins, handbók flugvallarins og, ef við á, önnur rekstrarskilyrði eða takmarkanir sem lögbæra yfirvaldið hefur kveðið á um og öll Samþykkis- og aðgerðarskjöl fyrir frávik (DAAD).
- (e) Gefa skal vottorðið út í ótakmarkaðan tíma. Sérrettindi og umfang þeirrar starfsemi sem rekstraraðili flugvallarins er hefur leyfi til að sinna skulu tilgreind í skilyrðum samþykkis sem fylgja vottorðinu.
- (f) Niðurstöður, aðrar en 1. stigs og sem ekki hefur verið lokað fyrir vottunardaginn, skulu metnar út frá öryggi og mildaðar eftir þörfum og leiðréttandi aðgerðaráætlun um lokun niðurstaðnanna skal samþykkt af lögbæra yfirvaldinu.
- (g) Svo að rekstraraðila flugvallar sé gert kleift að útfæra breytingar án fyrirbyggjandi samþykkis lögbærs stjórnvalds í samræmi við ADR.OR.B.040(d), skal lögbæra stjórnvaldið samþykkja ferli þar sem umfang slíkra breytinga er skilgreint og því lýst hvernig eftirliti með og tilkynningu á slíkum breytingum verður hagað.

ADR.AR.C.040 Breytingar

- (a) Þegar umsókn hefur borist um breytingu í samræmi við ADR.OR.B.40, sem krefst undanfarandi samþykkis, skal lögbæra yfirvaldið leggja mat á umsóknina og, ef við á, tilkynna rekstraraðila flugvallarins um:
 - (1) gildandi vottunarforskriftir gefnar út af stofnuninni, sem gilda um fyrirhugaða breytingu og eru í gildi á umsóknardeginum, nema:
 - (i) umsækjandinn velji að fylgja síðari gildandi breytingum; eða
 - (ii) lögbæra yfirvaldið komist að því að fylgni við slíkar síðari breytingar sé nauðsynleg;
 - (2) allar aðrar vottunarforskriftir gefnar út af stofnuninni sem lögbæra yfirvaldið telur tengjast fyrirhugaðri breytingu með beinum hætti;
 - (3) öll sérstök skilyrði og breytingar á sérstökum skilyrðum sem lögbæra yfirvaldið hefur kveðið á um í samræmi við grein ADR.AR.C.025 og lögbæra yfirvaldið telur nauðsynleg;
 - (4) hinn breytta vottunargrunn ef fyrirhuguð breyting hefur áhrif á hann.
- (b) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja breytinguna þegar rekstraraðili flugvallarins hefur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að kröfum í ADR.OR.B.040 og, ef við á ADR.OR.E.005 sé fylgt.
- (c) Ef hin samþykkt breyting hefur áhrif á skilmála vottorðsins skal lögbæra yfirvaldið breyta þeim.

- (d) Lögbæra yfirvaldið þarf að veita samþykki fyrir öllum þeim skilyrðum, sem rekstraraðili flugvallarins skal starfa eftir, á breytingartímanum.
- (e) Með fyrirvara við allar framfylgdarráðstafanir til viðbótar, skal lögbæra yfirvaldið, þegar rekstraraðili flugvallar útfærir breytingar, sem krefjast fyrirliggjandi samþykkis án þess þó að hafa fengið fyrir samþykki lögbærs stjórnvalds fyrir þeim eins og skilgreint er í (a), íhuga hvort svipta þurfi viðkomandi stofnun vottorðinu, takmarka það eða ógilda.
- (f) Varðandi breytingar, sem ekki þurfa á fyrri samþykki að halda, skal lögbæra yfirvaldið leggja mat á þær upplýsingar, sem finna má í tilkynningunni, sem rekstraraðili flugvallarins sendi í samræmi við ADR.OR.B.040(d) til þess að sannreyna rétta stjórnun þeirra og sannreyna fylgni þeirra við vottunarforskriftirnar og aðrar viðeigandi kröfur sem eiga að taka breytingum. Komi til nokkurs skorts á fylgni, skal lögbæra stjórnvaldið:
 - (1) tilkynna rekstraraðila flugvallarins um skort á fylgni og fara fram á frekari breytingar; og
 - (2) hvað varðar 1. stigs eða 2. stigs niðurstöður, aðhafast í samræmi við grein ADR.AR.C.055.

ADR.AR.C.050 Yfirlýsing veitanda hlaðstjórnunarþjónustu

- (a) Þegar yfirlýsing berst frá veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, sem hefur í hyggju að bjóða upp á slíka þjónustu á flugvelli, skal lögbæra yfirvaldið sannreyna að yfirlýsingin innihaldi allar upplýsingar, sem krafist er í hluta-ADR.OR, og staðfesta móttöku á yfirlýsingunni frá fyrirtækinu.
- (b) Ef tilkynningin hefur ekki tilskyldar upplýsingar, eða hefur að geyma upplýsingar sem gefa til kynna skort á fylgni við viðeigandi kröfur, skal lögbæra stjórnvaldið tilkynna veitanda hlaðstjórnunarþjónustunnar um skortinn á fylgni og fara fram á frekari upplýsingar. Ef nauðsynlegt er skal lögbæra yfirvaldið framkvæma skoðun á veitanda hlaðstjórnunarþjónustunnar og rekstraraðila flugvallarins. Ef skortur á fylgni er staðfestur, skal lögbæra yfirvaldið grípa til aðgerða eins og lýst er í ADR.AR.C.055.
- (c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir yfirlýsingar veitanda hlaðstjórnunarþjónustu sem það hefur eftirlit með.

ADR.AR.C.055 Niðurstöður, athuganir, leiðréttandi aðgerðir og framfylgdarráðstafanir

- (a) Lögbæra yfirvaldið fyrir eftirlit í samræmi við ADR.AR.C.005 (a) skal búa yfir kerfi til að greina niðurstöðurnar hvað varðar mikilvægi þeirra fyrir öryggi.
- (b) Lögbæra stjórnvaldið skal gefa út 1. stigs niðurstöðu þegar verulegs skorts á fylgni verður vart í tengslum við vottunargrunn flugvallarins, viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, með ferlum og handbókum rekstraraðila flugvallarins eða hlaðstjórnunarþjónustunnar veitandans með skilmálum vottorðsins eða vottorðinu eða með innihaldi tilkynningar, sem dregur úr öryggi eða stefnir flugöryggi í verulega hættu.

1. stigs niðurstöður skulu hafa að geyma:

- (1) misbrest á að veita lögbæra yfirvaldinu aðgang að flugvellinum og rekstraraðila flugvallarins eða hlaðstjórnunarþjónustu veitandans eins og skilgreint er í ADR.OR.C.015 á venjulegum opnunartíma og eftir tvær skriflegar óskir;
 - (2) sé gildi vottorðs fengið eða því viðhaldið með fölsun framlagðra gagna;
 - (3) gögn sem sýna fram á vanrækslu eða svíksamlega notkun; og
 - (4) vöntun á ábyrgum framkvæmdastjóra.
- (c) Lögbæra stjórnvaldið skal gefa út 2. stigs niðurstöðu þegar verulegs skorts á fylgni verður vart í tengslum við vottunargrunn flugvallarins, viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, með ferlum og handbókum rekstraraðila flugvallarins eða hlaðstjórnunarþjónustunnar veitandans með skilmálum vottorðsins eða vottorðinu eða með innihaldi tilkynningar, sem dregur úr öryggi eða stefnir flugöryggi í verulega hættu.
 - (d) Þegar niðurstöðu verður vart við eftirlit eða eftir öðrum leiðum, skal lögbæra stjórnvaldið, með fyrirvara við allar viðbótaraðgerðir, sem krafist er af reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, upplýsa rekstraraðila flugvallar eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu skriflega og fara fram á leiðréttandi aðgerðir svo að tekið sé á þeim skorti á fylgni sem orðið hefur vart.
 - (1) Komi til 1. stigs niðurstaðna, skal lögbæra stjórnvaldið grípa til tafarlausra og viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi og, ef við á, skal það grípa til aðgerða til að afturkalla vottorðið eða afskrá yfirlýsinguna eða til að takmarka eða svipta vottuninni eða yfirlýsingunni að fullu eða að hluta, eftir umfangi 1. stigs niðurstaðnanna, þar til gripið hefur verið til árangursríkra leiðréttandi aðgerða af veitanda hlaðstjórnunarþjónustunnar.
 - (2) Komi til 2. stigs niðurstaðna, skal lögbæra stjórnvaldið:
 - (i) veita rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustunnar tímabil til framkvæmda á leiðréttandi aðgerðum, þar á meðal viðeigandi aðgerðaráætlun í samræmi við eðli niðurstaðnanna; og
 - (ii) meta hinar leiðréttandi aðgerðir og framkvæmdarætlunina, sem rekstraraðili flugvallarins leggur til eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustunnar, og sé niðurstaða matsins sú að þær nægi til að taka á skorti á fylgni, veita samþykki sitt fyrir þeim.
 - (3) Þegar rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu lætur hjá líða að leggja fram viðunandi áætlun um leiðréttandi aðgerðir, eða að framkvæma leiðréttandi aðgerðir innan þess tíma sem samþykktur er eða framlengdur af

lögbæra stjórnvaldinu, skal hækka niðurstöðuna í 1. stigs niðurstöðu og grípa til aðgerða eins og kveðið er á um í (d)(1).

- (4) Lögbæra stjórnvaldið skal skrá allar niðurstöður, sem það hefur komist að eða því hefur borist og, þar sem við á, framfylgdarráðstafanir, sem það hefur beitt, sem og allar leiðréttandi aðgerðir og dagsetningu aðgerðalykta fyrir niðurstöður.
- (e) Í þeim tilvikum, sem ekki krefjast 1. eða 2. stigs niðurstaðna, má lögbæra yfirvaldið gefa út athugasemdir.

VIÐAUKI II

Hluti skipulagskröfur - rekstraraðilar flugvalla (hluti-ADR.OR)

UNDIRHLUTI A – ALMENNAR KRÖFUR (ADR.OR.A)

ADR.OR.A.005 Gildissvið

Þessi viðauki kveður á um þær kröfurnar sem eftirfarandi aðilar skulu fylgja:

- (a) rekstraraðili flugvallar, sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 hvað varðar vottun hans, stjórnun, handbækur og aðrar skyldur;
- (b) veitendur hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.OR.A.010 Lögbært yfirvald

Í tilgangi þessa hluta skal lögbæra yfirvaldið vera það sem tilnefnt er af aðildarríkinu þar sem flugvöllurinn er staðsettur.

ADR.OR.A.015 Uppfylling krafna

- (a) Viðkomandi rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu mega nota má aðrar aðferðir við að uppfylla kröfur en þær sem samþykktar hafa verið af stofnuninni til að koma á fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.
- (b) Þegar rekstraraðili flugvallar óskar eftir því að nota aðra aðferð til að uppfylla kröfur en þær viðurkenndu aðferðir til að uppfylla kröfur sem samþykktar hafa verið af stofnuninni til að koma á fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og útfærslureglur hennar, skal flugrekandinn, áður en hún er útfærð, láta lögbæra stjórnvaldinu í té tæmandi lýsingu á annarri aðferð til að uppfylla kröfur. Lýsingin skal fela í sér allar endurbætur á handbókum eða ferlum, sem kunna að vera viðeigandi, svo og mat þar sem sýnt er fram á að framkvæmdarreglunum sé fylgt.

Rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu geta útfært þessa aðra aðferð til að uppfylla kröfur að gefnu fyrirliggjandi samþykkis lögbæra stjórnvaldsins og við móttöku tilkynningarinnar eins og mælt er fyrir um í ADR.AR.A.015(d).

- (c) Þegar rekstraraðili flugvallarins býður ekki upp á hlaðstjórnunarþjónustu sjálfur er einnig þörf á fyrirliggjandi samþykki rekstraraðila flugvallarins á öðrum aðferðum við að uppfylla kröfur veitenda slíkrar þjónustu í samræmi við (a) og (b) þar sem boðið er upp á slíka þjónustu.

UNDIRHLUTI B - VOTTUN (ADR.OR.B)

ADR.OR.B005 Vottunarkröfur flugvalla og rekstraraðila flugvalla

Áður en rekstur flugvallar hefst eða þegar undanþága í samræmi við 5. grein þessarar reglugerðar hefur verið afturkölluð, skal rekstraraðili flugvallarins fá í hendur gildandi vottorð gefin út af lögbæra yfirvaldinu.

ADR.OR.B.015 Umsókn um vottorð

- (a) Umsókn um vottun skal lögð fram á því formi og á þann hátt sem lögbæra stjórnvaldið kveður á um.
- (b) Umsækjandi skal láta lögbæra yfirvaldinu eftirfarandi atriði í té:
 - (1) opinber nafn og fyrirtækjanafn, heimilisfang og póstfang;
 - (2) upplýsingar og gögn er varðar:
 - (i) staðsetningu flugvallarins;
 - (ii) tegund rekstrarins á flugvellinum; og
 - (iii) hönnun aðstöðunnar á flugvellinum í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir;
 - (3) gildandi vottunarforskriftir sem tillaga er gerð um; ;
 - (4) göng, sem sýna hvernig gildandi kröfum í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar verði fylgt. Slík gögn skulu taka til ferla í handbókum flugvalla, sem lýsa hvernig breytingar sem ekki krefjast fyrri samþykkis verði meðhöndlaðar og tilkynntar til lögbæra yfirvaldsins; síðari breytingar á þessum ferli eru háðar fyrirbyggjandi samþykki lögbæra yfirvaldsins;
 - (5) gögn um að fullnægjandi úrræði séu til staðar til þess að reka flugvöllinn í samræmi við gildandi kröfur;
 - (6) skrifleg gögn, sem sýna sambandið á milli umsóknaraðilans og eiganda flugvallarins og/eða landeigandans;
 - (7) nafn á og viðeigandi upplýsingar um ábyrgan stjórnanda og aðra tilnefnda einstaklinga eins og krafist er í ADR.OR.D.015; og
 - (8) afrit af handbók flugvallarins sem krafist er í ADR.OR.E.005.
- (c) Ef það er ásættanlegt fyrir lögbæra yfirvaldið, má veita upplýsingar samkvæmt undirmálgrein (7) og (8) á síðari stigum, sem lögbæra yfirvaldið ákveður, en fyrir útgáfu vottorðsins.

ADR.OR.B.025 Sýnt fram á fylgni

- (a) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - (1) framkvæma og skrá allar aðgerðir, skoðanir, prófanir, öryggismöt eða æfingar sem nauðsynlegar eru, og skal sýna lögbæra yfirvaldinu fram á:
 - (i) fylgni við hinn tilkynnta vottunargrunn, vottunarforskriftirnar, sem gilda um breytingu, allar öryggistilskipanir, eins og við á, og gildandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar;

- (ii) að flugvöllurinn, ásamt takmarkanir hans á hindrunum og verndun yfirborðs og annarra svæða tengdum flugvælinum, búi ekki yfir neinum eiginleikum eða eigindum sem gera hann óöruggan í notkun; og
 - (iii) að flugferlar flugvallarins hafa verið samþykktir.
- (2) veita lögbæra yfirvaldinu aðgang að hvernig sýnt hefur verið fram á fylgni; og
- (3) lýsa yfir við lögbæra yfirvaldið fylgni þess við (a)(1).
- (b) Viðeigandi upplýsingar um hönnun, þar á meðal teikningar, skoðanir, prófanir og aðrar viðeigandi skýrslur skal halda upp á og geyma af rekstraraðila flugvallarins og gera það aðgengilegt hinu lögbæra yfirvaldi í samræmi við ákvæði ADR.OR.D.035 fari það skriflega fram á það.

ADR.OR.B.030 Skilmálar vottorðsins og réttindi vottorðshafa

Vottaður flugrekandi skal fylgja því gildissviði og þeim sérréttindum sem skilgreind eru í skilmálum vottorðsins sem því fylgir.

ADR.OR.B.035 Áframhaldandi gildi vottorðs

- (a) Vottorð skal halda gildi að tilteknum þessum skilyrðum:
- (1) rekstraraðili flugvallar uppfylli áfram viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008, og framkvæmdarreglna hennar og að flugvöllurinn haldi áfram að fylgja vottunargrunninum, þar sem tekið er tillit til ákvæðanna er tengjast meðhöndlun niðurstaðna eins og tilgreint er í ADR.OR.C.020;
 - (2) að lögbæra stjórnvaldinu sé veittur aðgangur að fyrirtæki rekstraraðila flugvallarins eins og skilgreint er í ADR.OR.C.015 til að skera úr um áframhaldandi fylgni við viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar; og
 - (3) vottorðinu hafi ekki verið afsalað eða það afturkallað.
- (b) Við afturköllun eða afsal skal vottorðinu tafarlaust skilað til lögbæra stjórnvaldsins.

ADR.OR.B.037 Áframhaldandi gildi yfirlýsingar veitanda hlaðstjórnunarþjónustu

Yfirlýsing veitanda hlaðstjórnunarþjónustu í samræmi við ADR.OR.B.060 skal halda gildi sínu að þessum skilyrðum uppfylltum:

- (a) flugrekandi uppfylli áfram viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar, þar sem tekið er tillit til ákvæðanna er tengjast meðhöndlun niðurstaðna eins og tilgreint er í ADR.OR.C.020;
- (b) að lögbæra stjórnvaldinu sé veittur aðgangur að fyrirtæki rekstraraðila flugvallarins eins og skilgreint er í ADR.OR.C.015 til að skera úr um áframhaldandi fylgni við viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar; og
- (c) að yfirlýsingin sé ekki dregin til baka af veitanda slíkrar þjónustu eða afskráð af lögbæra stjórnvaldinu.

ADR.OR.B.040 Breytingar

- (a) Allar breytingar
- (1) sem hafa áhrif á skilmála vottorðsins, vottunargrunn þess og búnað flugvallarins, sem eru mikilvægar fyrir öryggi; eða

- (2) þætti í stjórnkerfi rekstraraðila flugvallarins með mikilsverðum hætti eins og krafist er í ADR.OR.D.005 (b);

skal krefjast fyrirliggjandi samþykkis lögbæra stjórnvaldsins.

- (b) Fyrir aðrar breytingar sem krefjast fyrirliggjandi samþykkis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, skal rekstraraðili flugvallar sækja um og fá samþykki sem gefið er út af lögbæra stjórnvaldinu.
- (c) Umsóknin um breytingu í samræmi mið málsgrein (a) eða (b) skal leggja inn áður nokkrar slíkar breytingar eiga sér stað, í því skyni að gera lögbæra stjórnvaldinu kleift að skera úr um áframhaldandi fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdareglur hennar og til að breyta, ef þörf krefur, vottorðinu og skilmálunum sem fylgja vottorðinu.

Breytinguna skal aðeins útfæra við móttöku formlegs samþykkis lögbæra stjórnvaldsins í samræmi við ARD.AR.C.040.

Við breytinguna skal rekstraraðili flugvallarins haga rekstri sínum í samræmi við skilyrðin sem samþykkt voru af lögbæra yfirvaldinu.

- (d) Breytingum, sem ekki krefjast fyrirliggjandi samþykkis, skal hagað og þau tilkynnt til lögbæra stjórnvaldsins eins og skilgreint er í ferlinu sem samþykkt er af lögbæra stjórnvaldinu í samræmi við ADR.AR.C.035(g).
- (e) Rekstraraðili flugvallar skal veita lögbæra yfirvaldinu viðeigandi gögn í samræmi við málsgrein (f) og ADR.OR.E.005.
- (f) Sem hluti af stjórnkerfinu, eins og það er skilgreint í ADR.OR.D.005, skal rekstraraðili flugvallar, sem leggur til breytingu á flugvellinum, rekstri hans, skipulagi hans eða stjórnkerfi hans:
- (1) kanna tengsl við hlutaðeigandi aðila, skipuleggja og framkvæma öryggismat í samræmi við þau fyrirtæki;
 - (2) samræma forsendur og mildandi áhrif með hlutaðeigandi aðilum með kerfisbundnum hætti;
 - (3) tryggja gerð ítarlegs mats á breytingunni þar á meðal allar nauðsynlegar víxlverkanir; og
 - (4) tryggja að heildstæð og gild rök, gögn og öryggisviðmið séu fyrir hendi og skjalfest í því skyni að styðja við öryggismatið; og að breytingin styðji við úrbætur á öryggi þegar slíkt framkvæmanlegt með skynsamlegum hætti.

ADR.OR.B.050 Áframhaldandi fylgni við vottunarforskriftir stofnunarinnar

Rekstraraðili flugvallar, sem fylgir breytingu á þeim vottunarforskriftum, sem stofnunin hefur komið á fót, skal:

- (a) framkvæma skoðun til þess að auðkenna þær vottunarforskriftir sem gilda um flugvöllinn; og
- (b) ef við á, hefja breytingarferli í samræmi við ADR.OR.B.040 og framkvæma nauðsynlegar breytingar á flugvellinum.

ADR.OR.B.060 Yfirlýsing veitenda hlaðstjórnunarþjónustu

- (a) Veitendur hlaðstjórnunarþjónustu sem hefur verið heimilt að lýsa yfir getu þeirra og úrræðum til þess að rækja skyldur sínar í samræmi við veitingu þessarar

stjórnunarþjónustu, skulu, í kjölfar samkomulags við rekstraraðila flugvallar um veitingu slíkrar þjónustu á flugvelli:

- (1) veita lögbæra yfirvaldinu allar viðeigandi upplýsingar og lýsa yfir fylgni sinni við allar gildandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar, með því að nota eyðublað sem stofnunin hefur útbúið;
 - (2) útbúa lista fyrir lögbært stjórnvald yfir aðrar leiðir til að uppfylla kröfur sem notaðar eru, í samræmi við ADR.OR.A.015(b);
 - (3) viðhalda fylgni við viðeigandi kröfur og upplýsingarnar í yfirlýsingunni;
 - (4) tilkynna lögbæra yfirvaldinu um allar breytingar á yfirlýsingu sinni eða hvernig fylgni verði tryggð á umsóknar tíma um breytta yfirlýsingu; og
 - (5) veita þjónustu sína í samræmi við handbók flugvallarins og fylgja öllum viðeigandi ákvæðum í henni.
- (b) Áður en veitingu slíkrar þjónustu er hætt skal veitandi hlaðstjórnunarþjónustu tilkynna lögbæra yfirvaldinu og rekstraraðila flugvallarins um það.

ADR.OR.B.065 Rekstri hætt

Rekstraraðili sem hyggst hætta rekstri flugvallar skal:

- (a) tilkynna lögbæra yfirvaldinu um það eins fljótt og mögulegt er;
- (b) veita þær upplýsingar til viðeigandi upplýsingaþjónustu flugmála;
- (c) afhenda vottorðið til hins lögbæra yfirvalds á þeim degi sem rekstri er hætt; og
- (d) tryggja að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að forðast óviljandi notkun loftfara á flugvellingum, nema lögbæra yfirvaldið hafi samþykkt notkun á flugvellingum í öðrum tilgangi.

UNDIRHLUTI C — AÐRAR SKYLDUR REKSTRARAÐILA FLUGVALAR (ADR.OR.C)

ADR.OR.C.005 Skyldur rekstraraðila flugvallar

- (a) Rekstraraðili flugvallarins ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi flugvallarins í samræmi við:
- (1) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar;
 - (2) skilmála vottorðsins;
 - (3) innihald handbókar flugvallarins; og
 - (4) aðrar handbækur fyrir flugvallarbúnað á flugvellinum, eins og við á.
- (b) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja:
- (1) að boðið sé upp á viðeigandi flugleiðsöguþjónustu í samræmi við flugumferð og rekstraraðstæður á flugvellinum; og
 - (2) hönnun og viðhald flugferla, í samræmi við gildandi kröfur; með beinum hætti eða í gegnum formlegt samkomuleg við fyrirtæki sem bjóða upp á slíka þjónustu.
- (c) Rekstraraðili flugvallar skal vinna með lögbæru yfirvaldi til þess að tryggja að viðeigandi upplýsingar fyrir öryggi loftfara séu birtar í handbók flugvallarins, þar á meðal þar sem við á, og að þær séu að finna: Þetta mat skal fela í sér:
- (1) undanþágur eða frávik sem veitt hafa verið frá gildandi kröfum;
 - (2) ákvæði, sem samþykkt hafa verið af lögbæra yfirvaldinu um sambærilegt öryggisstig, sem hluti af vottunargrunninum; og
 - (3) sérstök skilyrði og takmarkanir hvað varðar notkun flugvallarins.
- (d) Ef óöruggar aðstæður myndast á flugvellinum, skal rekstraraðili flugvallarins grípa án tafar til allra nauðsynlegra ráðstafana til þess að tryggja að þeir hlutar flugvallarins, sem þykja stefna öryggi í hættu, séu ekki notaðir af loftförum.

ADR.OR.015 Aðgengi

Í þeim tilgangi að ákvarða fylgni við viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, skal rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu veita þeim einstaklingum sem lögbæra yfirvaldið hefur veitt heimild til, aðgang, að:

- (a) allri aðstöðu, skjölum, skrám, gögnum, ferlum eða öðru efni sem tengist starfseminni sem fellur undir vottunina eða yfirlýsinguna, hvort sem hún er samkvæmt samningi eða ekki;
- (b) framkvæma eða verða vitni að aðgerðum, skoðunum, prófunum, mati eða æfingum sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegar.

ADR.OR.C.020 Niðurstöður og leiðréttandi aðgerðir

Eftir móttöku tilkynningar um niðurstöður skal rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu:

- (a) bera kennsl á undirrot reglubrotanna;
- (b) skilgreina áætlun um leiðréttandi aðgerðir; og
- (c) sýna fram á útfærslu leiðréttandi aðgerða þannig að það fullnægi lögbæra stjórnvaldinu innan þess tíma sem samkomulag er um við það stjórnvald eins og skilgreint er í ADR.AR.C.055(d).

ADR.OR.C.025 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli – fylgni við öryggistilskipanir

Rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu skal innleiða allar öryggisráðstafanir, þar á meðal öryggistilskipanir, sem lögbæra yfirvaldið fer fram á í samræmi við ADR.AR.A.030(c) og ADR.AR.A.040.

ADR.OR.C.030 Tilkynningar um atvik

- (a) Rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu skal tilkynna lögbæra stjórnvaldinu, , og öllum öðrum stofnunum, sem ríkið þar sem flugvöllurinn er staðsettur krefst, um öll slys, alvarleg tilvik og atvik, eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 996/2010⁴ og tilskipun 2003/42/EC⁵.
- (b) Með fyrirvara við málsgrein (a) skal rekstraraðilinn tilkynna lögbæra yfirvaldinu og stofnunum sem bera ábyrgð á hönnun flugvallarbúnaðarins um allar bilanir, tæknilegar bilanir, ef farið er fram úr tæknilegum takmörkunum, atvik eða aðrar óreglulegar kringumstæður sem hafa eða kunna að hafa stefn öryggi í voða og hafa ekki leitt til slyss eða alvarlegs atviks.
- (c) Án skerðingar á reglugerð (EB) nr. 996/2010 og tilskipun 2003/42/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) No 1321/2007⁶ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1330/2007⁷ skulu skýrslurnar, sem vísað er til í málsgreinum (a) og (b), vera gerðar á því formi og á þann hátt, sem kveðið er á um af lögbæra stjórnvaldinu og innihalda allar viðeigandi upplýsingar sem rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustunnar eru kunnar.
- (d) Skýrslur skulu gerðar eins fljótt og auðið er, en í öllu falli innan 72ja stunda eftir að rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu hefur borið kennsl á ástandið, sem skýrslan lýtur að, nema að óvenjulegar kringumstæður komi í veg fyrir það.
- (e) Þar sem við á, skal rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu, leggja fram eftirfylgniskýrslu í því skyni að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem hann hyggst grípa til, til þess að fyrirbyggja svipuð atvik í framtíðinni, um leið og viðkomandi aðgerðir hafa verið auðkenndar. Þessi skýrsla skal lögð fram á því formi og á þann hátt sem kveðið er á um af lögbæra stjórnvaldinu.

ADR.OR.C.040 Komið í veg fyrir eldsvoða

⁴ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsókn á og forvarnir gegn slysum og tilvikum í almenningflugum og sem fellir úr gildi tilskipun 94/56/EB, Stjórnartíðindi EB L 295, 12.11.2010, bls. 35).

⁵ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um atvikatilkynningu í almenningflugum, Stjórnartíðindi Evrópu L 167, 4.7.2003, bls. 23–36.

⁶ Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 294, 13.11.07, bls. 3.

⁷ Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 295, 14.11.07, bls. 7.

Rekstraraðili flugvallar skal koma á fót og innleiða ferla til þess að banna:

- (a) reyki á aksturssvæðinu, öðrum athafnarsvæðum flugvallarins eða á svæðum flugvallarins þar sem eldsneyti eða önnur eldfim efni eru geymd;
- (b) meðferð á opnum eld eða starfsemi sem myndi skapa hættu innan:
 - (1) svæða flugvallarins þar sem eldsneyti eða önnur eldfim efni eru geymd;
 - (2) aksturssvæðisins eða annarra athafnarsvæða flugvallarins, nema rekstraraðili flugvallarins hafi heimilað það.

ADR.OR.C.045 Notkun áfengis, geðlyfja og lyfja

- (a) Rekstraraðili flugvallar skal koma á fót og kunngera stefnu þar sem fram koma kröfur er varða neyslu áfengis, geðlyfja og lyfja af hendi:
 - (1) starfsfólks, sem hefur með rekstur, björgun, slökkvilið, viðhald og stjórnun flugvallarins að gera; og
 - (2) einstaklinga, sem ekki eru í fylgd, á aksturssvæðinu eða öðrum athafnarsvæðum flugvallarins.
- (b) Þessi stefna skal taka til allra krafna um að: slíkir einstaklingar skulu:
 - (1) ekki neyta áfengis við skyldustörf sín; og
 - (2) ekki framkvæma störf sín undir áhrifum:
 - (i) áfengis eða geðlyfja; eða
 - (ii) lyfja sem kunna að hafa áhrif á getu þeirra með þeim hætti að það skapi hættu gegn öryggi.

UNDIRHLUTI D – STÓRNUN(ADR.OR.D)

ADR.OR.D.005 Stjórnkerfi

- (a) (a) Rekstraraðili flugvallar skal innleiða og viðhalda stjórnkerfi með öryggisstjórnunarkerfi.
- (b) Stjórnkerfið skal innihalda:
- (1) skýrt skilgreint ábyrgðarsvið og ábyrgðarskyldu hjá rekstraraðila flugvallarins, þar á meðal beina ábyrgð æðri stjórnanda á öryggi;
 - (2) lýsingu á grundvallarhugsun og meginreglum rekstraraðila flugvallarins með tilliti til öryggis, sem nefnd er öryggisstefna og undirrituð af þeim stjórnanda sem ber ábyrgðina.
 - (3) formlegt ferli sem tryggir að hættur í starfseminni séu auðkenndar;
 - (4) formlegt ferli sem tryggir greiningu, mat og mildun á öryggishættum í starfsemi flugvallarins;
 - (5) leiðir til þess að sannreyna öryggisframmistöðu rekstraraðila flugvallarins hvað varðar öryggisframmistöðuvísa og öryggisframmistöðumarkmið öryggisstjórnunarkerfisins og til þess að sannreyna skilvirkni stýringar á öryggishættum;
 - (6) formlegt ferli til þess að:
 - (i) auðkenna breytingar innan fyrirtækis rekstraraðila flugvallarins, stjórnkerfis, flugvallarins eða starfsemi hans sem kann að hafa áhrif á gildandi ferla, verklag og þjónustu;
 - (ii) lýsa fyrirkomulaginu á því að tryggja öryggisframmistöðu áður en breytingar eru framkvæmdar;
 - (iii) koma í veg fyrir eða breyta stýringum á öryggishættum sem ekki er lengur þörf fyrir eða eru óskilvirkar vegna breytinga í starfsumhverfinu;
 - (7) formlega ferla til þess að endurskoða stjórnkerfið, sem vísað er til í málsgrein (a), auðkenna ástæður fyrir ófullnægjandi frammistöðu öryggisstjórnunarkerfisins, ákvarða áhrif slíkrar ófullnægjandi frammistöðu í rekstrinum og koma í veg fyrir ða milda slíkar orsakir;
 - (8) öryggisþjálfunaráætlun sem tryggir að starfsfólk sem tekur þátt í rekstri, björgun og brunavörnum, viðhaldi og stjórnun flugvallarins sé í þjálfun og hæft til þess ða framkvæma skylduverk öryggisstjórnunarkerfisins;
 - (9) formlegar leiðir fyrir öryggissamskipti, sem tryggja að starfsfólk sé fullkomlega meðvitað um öryggisstjórnunarkerfið, miðli mikilvægum öryggisupplýsingum og útskýri hvers vegna gripið sé til ákveðinna aðgerða í öryggismálum og hví öryggisferlar séu kynntir til sögunnar eða þeim breytt;
 - (10) samræmingu á öryggisstjórnunarkerfinu við neyðaráætlun flugvallarins; og samræmingu á neyðaráætlun flugvallarins við neyðaráætlanir þeirra stofnana sem flugvöllurinn þarf að eiga í samskiptum við, við veitingu flugvallarþjónustu;
 - (11) formlegu ferli til þess að hafa eftirlit með fylgni fyrirtækisins við viðeigandi kröfur og hvort verklag sé fullnægjandi.

- (c) Rekstraraðili flugvallarins skal skrá alla lykilferla stjórnkerfisins.
- (d) Stjórnunarkerfið skal samsvara stærð viðkomandi fyrirtækis sem og eðli og margbreytileika starfsemi þessr, og taka tillit til þeirra áhætta og tengdra hættu sem felast í þessari starfsemi.
- (e) Í því tilviki sem rekstraraðili flugvallarins er einnig handhafi vottorðs fyrir veitingu flugleiðsögupjónustu, skal hann tryggja að stjórnkerfið nái til allrar þeirrar starfsemi sem gildissvið vottorðsins tekur til.

ADR.OR.D.007 Stjórnun á loftferðagögnum og loftferðaupplýsingum

- (a) Sem hluti af stjórnkerfinu skal rekstraraðili flugvallar innleiða og viðhalda gæðastjórnunarkerfi sem nær til:
 - (1) starfsemi hans á sviði loftferðagagna; og
 - (2) starfsemi hans á sviði veitingar loftferðaupplýsinga.
- (b) Rekstraraðili flugvallarins skal skilgreina ferlu til þess að uppfylla stjórnunarmarkmið um öryggi og öryggisgæslu sem tengist:
 - (1) starfsemi hans á sviði loftferðagagna; og
 - (2) starfsemi á sviði veitingar loftferðaupplýsinga.

ADR.OR.D.010 Aðkeypt þjónusta

- (a) Aðkeypt þjónusta er öll sú þjónusta á vegum rekstraraðila flugrekandans, sem framkvæmd er af öðru fyrirtæki, sem er annað hvort sjálft vottað til þess að framkvæma slíkar aðgerðir, eða þá, sé það ekki vottað, að það starfi samkvæmt samþykki flugrekanda. Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að þegar einhver hluti starfsemi hans er útvistaður eða aðkeyptur, skal umsamin eða aðkeypt þjónusta eða framleiðsluvara samræmast gildandi kröfum.
- (b) Þegar rekstraraðili flugvallar semur um einhvern hluta starfsemi sinnar fyrirtæki, sem er sjálft ekki vottað, í samræmi við þennan lið, til þess að framkvæma slíkar starfsemi, skal samningsfyrirtækið starfa samkvæmt samþykki og eftirliti rekstraraðila flugvallarins. Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að lögbæra stjórnvaldinu sé veittur aðgangur að samningsfyrirtækinu, til að skera úr um áframhaldandi fylgni við gildandi kröfur.

ADR.OR.D.015 Kröfur til starfsfólks

- (a) Rekstraraðili flugvallar skal skipa ábyrgan stjórnanda, sem hefur vald til að tryggja að öll starfsemi sé fjármögnuð og framkvæmd í samræmi við gildandi kröfur. Ábyrgur framkvæmdastjóri skal vera ábyrgur fyrir því að koma á fót og viðhalda skilvirku stjórnunarkerfi.
- (b) Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna einstaklinga ábyrga fyrir stjórnun og eftirliti með eftirfarandi sviðum:
 - (1) rekstrarþjónustu flugvallarins; og
 - (2) viðhaldi flugvallarins.
- (c) Rekstraraðili flugvallarins skal útnefna einstakling eða hóp einstaklinga ábyrga fyrir þróun, viðhaldi og daglegri stjórnun öryggisstjórnunarkerfisins.

þeir einstaklingar skulu vera óháðir öðrum stjórnendum innan fyrirtækisins; skulu hafa beinan aðgang að ábyrgum stjórnanda og eigna sér stjórnun á öryggisatriðum og skulu vera ábyrgir gagnvart stjórnandanum sem ber ábyrgðina.

- (d) Rekstraraðili flugvallarins skal hafa á að skipa nægjanlega hæfu starfsfólki fyrir áætluð verkefni og starfsemi sem framkvæma á í samræmi við viðeigandi kröfur.
- (e) Rekstraraðili flugvallarins skal ráða nægilegan fjölda umsjónarmanna með starfsliði og taka tillit til skipulags í fyrirtækinu og fjölda starfsfólks í vinnu.
- (f) (f) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að starfsmenn, sem hafa með rekstur, viðhald og stjórnun flugvallarins að gera, hafi hlotið tilhlýðilega þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlunina

ADR.OR.D.017Þjálfun og áætlanir til könnunar á færni

- (a) Rekstraraðili flugvallarins skal koma á fót og útfæra þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk, sem hefur með rekstur, björgun, brunavarnir, viðhald og stjórnun flugvallarins að gera.
- (b) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að einstaklingar sem ekki eru í fylgd, á aksturssvæðunum eða öðrum athafnarsvæðum flugvallarins hafi hlotið viðeigandi þjálfun.
- (c) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að einstaklingar, sem vísað er til í (a) og (b) að ofan, sýni fram á getu við framkvæmd starfa sinna í hæfniprófum með reglulegu millibili í því skyni að tryggja áframhaldandi hæfni.
- (d) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að:
 - (1) notað sé starfsfólk sem hefur með rekstur, björgun, brunavarnir, viðhald og stjórnun flugvallarins að gera; og
 - (2) viðeigandi húsnæði og aðstæður séu notaðar fyrir þjálfunina
- (e) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - (1) viðhalda skráum um viðeigandi hæfni, þjálfun og færnisathuganir til þess að sýna fram á hæfni við þessar kröfur;
 - (2) að beiðni veita starfsfólki þess, sem um ræðir, aðgang að þeim skýrslum; og
 - (3) ef einstaklingur er ráðinn til starfa af öðrum atvinnurekanda, að beiðni, láta nýja atvinnurekandanum í té slíkar skrár um viðkomandi einstakling.

ADR.OR.D.020 Aðstöðukröfur

- (a) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að fullnægjandi og viðeigandi aðstaða sé til staðar fyrir starfsfólk hans eða starfsfólk í vinnu hjá aðilum, sem samkvæmt samningi, eiga að veita rekstrar- og viðhaldsþjónustu á flugvælinum.
- (b) Rekstraraðili flugvallarins skal tilnefna viðeigandi svæði á flugvælinum til notkunar sem geymsla á hættulegum varningi, sem er í flutningi á flugvælinum, í samræmi við tæknilegu leiðbeiningarnar.

ADR.OR.D.025 Samræming við aðrar stofnanir

Rekstraraðili flugvallarins skal:

- (a) tryggja að stjórnkerfi flugvallarins taki til samræmingar og tenginga við öryggisferla annarra stofnana sem starfa eða bjóða upp á þjónustu á flugvellingum;
- (b) tryggi að slík fyrirtæki hafi öryggisferla til staðar í því skyni að fylgja gildandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar og þeim kröfum sem kveðið er á um í handbók flugvallarins.

ADR.OR.D.027 Öryggisáætlanir

Rekstraraðili flugvallarins skal:

- (a) koma á fót, leiða og innleiða áætlanir til eflingar öryggis og miðlunar á upplýsingum sem tengjast öryggismálum; og
- (b) fara fram á að fyrirtæki, sem starfa eða bjóða upp á þjónustu á flugvellingum, taki þátt í slíkum áætlunum.

ADR.OR.D.030 Öryggistilkynningakerfi

- (a) Rekstraraðili flugvallarins skal koma á fót og innleiða öryggistilkynningakerfi fyrir allt starfsfólk og öll fyrirtæki, sem starfa eða bjóða upp á þjónustu á flugvellingum, í því skyni að efla öryggi á, og örugga notkun flugvallarins.
- (b) Rekstraraðili flugvallarins skal í samræmi við ADR.OR.D.005 (b)(3):
 - (1) fara fram á og tryggja að starfsfólk og fyrirtæki, sem nefnd eru í málsgrein (a) noti öryggistilkynningakerfið við skyldubundnar tilkynningar á öllum slysum, alvarlegum atvikum og uppákomum;
 - (2) tryggi að öryggistilkynningakerfið sé hægt að nota til sjálfviljugra tilkynninga á öllum bilunum, göllum og öryggishættum sem gætu haft áhrif á öryggi.
- (c) Öryggistilkynningakerfið skal vernda auðkenni tilkynnandans, hvetja til sjálfviljugra tilkynninga og búa yfir möguleika á því að tilkynningar séu sendar inn nafnlaust.
- (d) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - (1) skrá allar innsendar tilkynningar;
 - (2) greina og leggja mat á tilkynningar, eins og við á, til þess að taka á öryggisannmörkum og auðkenna tilhneigingar;
 - (3) tryggja að öll fyrirtæki, sem starfa á, eða bjóða upp á þjónustu á flugvellingum, sem tengjast öryggismálum, taki þátt í greiningu slíkra tilkynninga og að allar leiðréttandi og/eða fyrirbyggjandi ráðstafanir, sem auðkenndar hafa verið, komist til framkvæmda;
 - (4) framkvæma rannsóknir á tilkynningum, eins og við á; og
 - (5) forðast ásakanir um sök í samræmi við meginreglurnar um „réttláta menningu“.

ADR.OR.D.035 Skýrsluhald

- (a) Rekstraraðili flugvallarins skal koma fót viðunandi kerfi fyrir skýrsluhald, sem tekur til allrar starfsemi hans samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.
- (b) Snið gagnanna skal tilgreint í handbók flugvallarins.

- (c) Gögn skulu geymd á þann hátt sem tryggir vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði.
- (d) Skýrslur skulu geymdar að lágmarki 5 ár, nema eftirfarandi skýrslur skulu geymdar með eftirfarandi hætti:
 - (1) vottunargrunnur flugvallarins, aðrar aðferðir við að uppfylla kröfur, sem eru í notkun, og núverandi vottorð flugvallarins eða rekstraraðila flugvallarins, út líftíma vottorðsins;
 - (2) fyrirkomulag við önnur fyrirtæki, svo lengi sem að slíkt fyrirkomulag er í gildi;
 - (3) handbækur fyrir flugvallarbúnað eða kerfi, sem notuð eru á flugvellingum, eins lengi og hann er í notkun á flugvellingum;
 - (4) tilkynningar um öryggismat fyrir líftíma kerfisins/ferilsins/starfseminnar;
 - (5) persónulega þjálfun, menntun og læknaskýrslur svo og færniskannanir, eins og við á, í að minnsta kosti fjögur ár eftir lok starfstímans, eða þar til sviðið, þar sem vinnan var unnin, hefur verið endurskoðað af lögbæra yfirvaldinu;
 - (6) núverandi útgáfa af hættuskránni.
- (e) Allar skýrslur skal farið með í samræmi við gildandi löggjöf um gagnavernd.

UNDIRHLUTI E – FLUGVALLARHANDBÓK OG GÖGN (ADR.OR.E)

ADR.OR.E.005 Flugvallarhandbók

- (a) Rekstraraðili flugvallar skal koma á fót og viðhalda flugvallarhandbók.
- (b) Innihald flugvallarhandbókarinnar skal endurspeglar vottunargrunninn og kröfurnar, sem kveðið er á um í þessum hluta og hluta-ADR.OPS, eins og við á, og skal hún ekki fara gegn skilmálum vottorðsins. Flugvallarhandbókin skal innihalda eða vísa til allra nauðsynlegra upplýsinga um örugga notkun, rekstur og viðhald flugvallarins, búnaði hans,, ásamt takmörkunum á hindrunum og verndun yfirborðs og annarra svæða sem tengjast flugvellinum.
- (c) Hægt er að gefa flugvallarhandbókina út í aðskildum köflum.
- (d) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að allir starfsmenn flugvallarins og starfsmenn annarra tengdra fyrirtækja hafi góðan aðgang að hlutum flugvallarhandbókarinnar sem tengjast starfsskyldum þeirra og ábyrgð og fái vitneskju um allar breytingar sem tengjast starfsskyldum þeirra.
- (e) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - (1) veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar og betrubætur á flugvallarhandbókinni, fyrir þætti, sem krefjast fyrirbyggjandi samþykkis í samræmi við ADR.OR.B.040, fyrir viðkomandi dagsetningu og tryggja að þær taki ekki í gildi fyrr en samþykki lögbæra yfirvaldsins liggur fyrir; eða
 - (2) veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar og betrubætur á flugvallarhandbókinni fyrir viðkomandi dagsetningu, ef fyrirhuguð breyting eða betrubæting á flugvallarhandbókinni krefst einungis tilkynningar til hins lögbæra yfirvalds í samræmi við ADR.OR.B.040(d) og ADR.OR.B.015(b).
- (f) Þrátt fyrir málsgrein (e) er hægt að gefa út og gera tafarlaugar breytingar eða betrubætur, ef öryggishagsmunir krefjast, að því gefnu að sótt hafi verið um það samþykki sem krafist er.
- (g) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - (1) skoða innihald flugvallarhandbókarinnar, tryggja að henni sé haldið uppfærðri og henni breytt þegar nauðsynlegt er;
 - (2) geta allra breytinga og betrubóta sem lögbært yfirvald fer fram á; og
 - (3) vekja athygli alls starfsfólks flugvallarins og annarra fyrirtækja, sem í hlut eiga , á breytingum sem tengjast starfsskyldum þeirra.
- (h) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að upplýsingar úr samþykktum skjölum, og sérhverjar breytingar á þeim, séu réttilega endurspegluðar í flugvallarhandbókinni. Þetta kemur ekki í veg fyrir að rekstraraðili flugvallar birti hóflegri gögn og ferla í flugvallarhandbókinni.
- (i) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að:
 - (1) flugvallarhandbókin sé skrifuð á máli sem lögbæra yfirvaldinu þykir viðunandi; og
 - (2) að allt starfsfólki geti lesið og skilið það tungumál sem þeir hlutar flugvallarhandbókarinnar og annarra rekstrargagna er skrifað á og tengjast starfsskyldum þeirra og ábyrgð.
- (j) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að flugvallarhandbókin:

- (1) sé undirrituð af þeim stjórnanda sem ber ábyrgð á flugvellingum;
 - (2) sé prentuð eða á rafrænu formi og sé auðvelt að endurbæta;
 - (3) búi yfir kerfi til þess að hafa stjórn á þeirri útgáfu, sem er í notkun, og gert sýnilegt í handbók flugvallarins; og
 - (4) taki mið af meginreglum mannglegra þátta og sé skipulögð með hætti sem auðveldar undirbúning hennar, notkun og endurskoðun.
- (l) Rekstraraðili flugvallarins skal geyma að minnsta kosti eitt heildstætt og gildandi afrit af flugvallarhandbókinni á flugvellingum og gera það aðgengilegt í skoðunum af lögbæra yfirvaldinu.
- (m) Innihald flugvallarhandbókarinnar skal vera sem hér segir:
- (1) Almennt;
 - (2) Flugvallarstjórnunarkerfi, menntunar- og þjálfunarkröfur;
 - (3) Einstök atriði flugvallarsvæðisins;
 - (4) Einstök atriði flugvallarins sem krafist er að tilkynnt séu til Upplýsingaþjónustu flugmála; og
 - (5) Einstök atriði í rekstrarferlum flugvallarins; búnaði hans og öryggisráðstöfunum.

ADR.OR.E.010 Gagnakröfur

- (a) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að önnur gögn, sem krafist er, séu til staðar og breytingar sem tengjast þeim.
- (b) Rekstraraðili skal vera í aðstæðu til þess að dreifa flugvallarhandbókinni og öðrum upplýsingum tafarlaust.

VIÐAUKI III

Hluti rekstrarkröfur – flugvellir (hluti ADR.OPS)

UNDIRHLUTI A – FLUGVALLARGÖGN (ADR.OPS.A)

ADR.OPS.A.005 flugvallargögn

Rekstraraðili flugvallarins skal:

- (a) ákvarða, skrásetja og viðhalda gögnum, sem tengjast flugvellinum og þeirri þjónustu í boði;
- (b) veita notendum og flugumferðarþjónustunni og upplýsingaþjónustu flugmála, sem máli skiptir, gögn, sem tengjast flugvellinum og þeirri þjónustu í boði, eins og við á.

ADR.OPS.A.010 Kröfur um gagnagæði

Rekstraraðili flugvallarins skal hafa formlegt samkomulag við fyrirtæki sem það skiptist á fluggögnum og/eða flugupplýsingum við.

- (a) Öll gögn, sem tengjast flugvellinum, og tiltækri þjónustu, skulu veitt af rekstraraðila flugvallarins af þeim gæðum og heilindum sem krafist er.
- (b) Þegar gögn, sem tengjast flugvellinum og tiltækri þjónustu, eru birt, skal rekstraraðili flugvallarins:
 - (1) hafa eftirlit með viðeigandi gögnum um flugvöllinn og tiltækri þjónustu, sem kemur frá rekstraraðila flugvallarins, og kynnt eru af viðeigandi flugumferðarþjónustu og upplýsingarþjónustu flugmála;
 - (2) tilkynna viðeigandi upplýsingaþjónustu flugmála um allar breytingar nauðsynlegar til þess að tryggja rétt og heildstæð gögn, sem tengjast flugvellinum og tiltækri þjónustu, og koma frá rekstraraðila flugvallarins;
 - (3) tilkynna viðeigandi flugumferðarþjónustu og upplýsingaþjónustu flugmála þegar gögn frá rekstraraðila flugrekandans eru röng eða óviðeigandi.

ADR.OPS.A.015 Samræming á milli rekstraraðila flugrekenda og veitenda upplýsingaþjónustu flugmála

- (a) Til þess að tryggja að veitendur flugupplýsinga fái upplýsingar til þess að gera þeim kleift að veita nýjustu upplýsingar fyrir flug og að sjá fyrir upplýsingum á meðan flugi stendur, skal rekstraraðili flugvallarins gera ráðstafanir til að tilkynna viðeigandi upplýsingaþjónustu flugmála, með eins lítilli töf og hægt er, um eftirfarandi:
 - (1) upplýsingar um flugvallaraðstæður, fjarlægingu á biluðum loftförum og brunavörnum og aðflugshalljósakerfum;
 - (2) rekstrarlega stöðu tengdrar aðstöðu, þjónustu og siglingahjálpartæki á flugvellinum;
 - (3) allar aðrar upplýsingar sem þykja mikilvægar fyrir reksturinn.
- (b) Áður en breytingar á flugleiðsögukerfinu eru kynntar til sögunnar, skal rekstraraðili flugvallarins taka fyllilega tillit til nauðsynlegs tíma, sem viðkomandi upplýsingaþjónusta flugmála þarf á að halda til undirbúnings, gerðar og útgáfu á viðeigandi efni til dreifingar.

UNDIRHLUTI B - REKSTRARÞJÓNUSTA FLUGVALLA, BÚNAÐUR OG MANNVIRKI (ADR.OPS.B)

ADR.OPS.B.001 Rekstrarþjónusta

Rekstrarþjónustan samkvæmt undirhluta B þessa viðauka skal veitt á flugvellingum beint eða óbeint af rekstraraðila flugvallarins.

ADR.OPS.B.005 Neyðaráætlun flugvallarins

Rekstraraðili flugvallarins skal búa yfir og innleiða neyðaráætlun fyrir flugvöllinn sem:

- (a) er í samræmi við starfsemi loftfaranna og aðra starfsemi á flugvellingum;
- (b) sér fyrir samræmingu hjá viðeigandi stofnunum þegar neyðartilvik koma upp á flugvellingum eða í umhverfi hans;
- (c) inniheldur ferla fyrir reglubundnar prófanir á gæðum áætlunarinnar og fyrir endurskoðun á niðurstöðum í því skyni að bæta skilvirknina.

ADR.OPS.B.010 Björgunar- og slökkvistarf

- (a) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að:
 - (1) séð sé fyrir björgunar- og slökkviliði á flugvellingum, aðstöðu, búnaði og þjónustu;
 - (2) fullnægjandi búnaður, elddrepandi efni og fullnægjandi starfsfólk sé tiltækt á viðeigandi tíma;
 - (3) björgunar- og slökkvistarfsmenn hafi fengið fullnægjandi þjálfun, búnað og séu hæfir til þess að starfa í flugvallarumhverfi;
 - (4) björgunar- og slökkvistarfsmenn, sem hugsanlega þarf að bregðast við í neyðartilvikum tengdum flugi, sýni fram á líkamlega getu sína til þess að rækja störf sín með fullnægjandi hætti að teknu tilliti til viðkomandi starfsemi.
- (b) Rekstraraðili flugvallarins skal koma á og standa fyrir þjálfunaráætlun fyrir þá einstaklinga sem hafa með björgunar- og slökkviliðsstarf á flugvellingum að gera.
- (c) Rekstraraðili flugvallarins skal standa fyrir hæfniprófum með reglulegu millibili til þess að tryggja áframhaldandi hæfni;
- (d) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að:
 - (1) notað sé starfsfólk sem hefur með rekstur, björgun, brunavarnir, viðhald og stjórnun flugvallarins að gera; og
 - (2) viðeigandi húsnæði og aðstæður séu notaðar fyrir þjálfunina
- (e) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - (1) viðhalda skráum um viðeigandi hæfni, þjálfun og færnisathuganir til þess að sýna fram á hæfni við þessar kröfur;
 - (2) að beiðni veita starfsfólki þess, sem um ræðir, aðgang að þeim skýrslum; og
 - (3) ef einstaklingur er ráðinn til starfa af öðrum atvinnurekanda, að beiðni, láta nýja atvinnurekandanum í té slíkar skrár um viðkomandi einstakling.

- (f) Tímabundin lækkun á verndarstigi björgunar- og slökkviliðs flugvallarins, vegna ófyrirséðra kringumstæðna þarf ekki á fyrirframgefnu samþykki lögbærs yfirvalds að halda.

ADR.OPS.B.015 Eftirlit og skoðun á aksturssvæðinu og tengdri aðstöðu

- (a) Rekstraraðili flugvallarins skal hafa eftirlit með ástandi aksturssvæðisins og rekstrarlegri stöðu tengdrar aðstöðu og tilkynna um málefni sem eru mikilsverð fyrir reksturinn, hvort sem þau eru tímabundin eða varanleg til viðeigandi flugumferðarþjónustu og upplýsingaþjónustu flugmála;
- (b) Rekstraraðili flugvallarins skal reglulega framkvæma skoðanir á aksturssvæðinu og aðstöðu sem tengist því.

ADR.OPS.B.020 Minnkun á hættu af völdum árekstra dýra

Rekstraraðili flugvallarins skal:

- (a) leggja mat á hættur af völdum dýralífs á og í umhverfi flugvallarins;
- (b) koma á fót aðgerðum og ferlum til þess að lágmarka hættu á árekstrum milli dýra og loftfara á flugvælinum;
- (c) tilkynna réttum yfirvöldum um ef mat á dýralífi gefur til kynna aðstæður í umhverfi flugvallarins sem kunni að leiða til hættna af völdum dýralífs.

ADR.OPS.B.025 Notkun ökutækja

Rekstraraðili flugvallarins skal koma á fót og innleiða ferla fyrir formlega þjálfun, mat og leyfisveitingu til allra ökumanna sem aka á aksturssvæðinu.

ADR.OPS.B.030 Leiðbeiningar um akstur á yfirborði og stjórnkerfi

Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að leiðbeiningar um akstur á yfirborði og stjórnkerfi sé til staðar á flugvælinum.

ADR.OPS.B.035 Starfsemi að vetrarlagi

Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að úrræði og ferlar séu til staðar og innleiddir til þess að tryggja öruggar aðstæður í starfsemi flugvallarins að vetrarlagi.

ADR.OPS.B.040 Starfsemi að næturlagi

Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að úrræði og ferlar séu til staðar og innleiddir til þess að tryggja öruggar aðstæður í starfsemi flugvallarins sem nota á að næturlagi .

ADR.OPS.B.045 Starfsemi við lélegt skyggni

- (a) (a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að úrræði og ferlar séu til staðar og innleiddir til þess að tryggja öruggar aðstæður í starfsemi flugvallarins sem nota á við lélegt skyggni.
- (b) Ferlar fyrir lélegt skyggni þurfa á fyrirfram samþykki lögbærs stjórnvalds að halda.

ADR.OPS.B.050 Starfsemi við erfiðar veðuraðstæður

Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að úrræði og ferlar séu til staðar og innleiddir til þess að tryggja öryggi starfsemi flugvallarins við erfiðar veðuraðstæður.

ADR.OPS.B.055 Eldsneytisgæði

Rekstraraðili flugvallarins skal sannreyna að fyrirtæki sem hafa með geymslu og dreifingu á eldsneyti til loftfara búi yfir ferlum til þess að tryggja að loftför fái ómengað eldsneyti og samkvæmt réttum forskriftum.

ADR.OPS.B.065 Leiðsögutæki og rafkerfi flugvallarins

Rekstraraðili flugvallarins skal búa yfir ferlum til þess að tryggja að leiðsögukerfi flugvallarins og rafkerfi virki sem skyldi.

ADR.OPS.B.070 Vinnuöryggi á flugvellingum

- (a) Flugrekandinn skal koma á laggirnar verklagi sem tryggir að:
 - (1) vinna á flugvellingum hafi ekki áhrif á flugöryggi;
 - (2) starfsemi, sem tengist rekstri flugvallarins, hafi ekki áhrif á öryggi vinnu á flugvellingum.

ADR.OPS.B.075 Öryggisgæsla flugvalla

- (a) Rekstraraðili flugvallarins skal á flugvellingum og umhverfi hans hafa eftirlit með:
 - (1) takmörkunum á hindrunum og vernd yfirborðs eins og kveðið er á í samræmi við vottunargrunninn, og annað yfirborðssvæði, sem tengjast flugvellingum, í því skyni að grípa til viðeigandi aðgerða innan þeirra takmarka hans til þess að minnka hættu sem tengist rofi á þessu yfirborði og svæðum;
 - (2) merkingum og lýsingu hindrana til þess að geta gripið til aðgerða í samræmi við getu hans, eins og við á;
 - (3) hættur tengdar mannlegri starfsemi og landnotkun til þess að grípa til aðgerða, í samræmi við getu hans, eins og við á.
- (b) Rekstraraðili flugvallarins skal búa yfir ferlum til þess að minnka hættur tengdar hindrunum, þróunarverkefnum og annarri starfsemi innan eftirlitssvæðisins, sem gætu haft áhrif á öryggi starfsemi loftfars, sem er á, kemur til eða er að fara frá flugvellingum.

ADR.OPS.B.080 Merkingar og lýsing ökutækja og annarra hreyfanlegra hluta

Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja að ökutæki og aðrir hreyfanlegir hlutir, utan loftfara, á aksturssvæði flugvallarins, séu merktir og upplýstir ef farartækin eru notuð að næturlagi eða

við aðstæður þar sem lélegt skyggni er. Afgreiðslubúnað og -ökutæki fyrir loftför, sem einungis eru notuð á flughlaði, má undanþiggja þessu.

ADR.OPS.B.090 Notkun flugvallarins af loftfari með hærri stafakóða

(a) Fyrir utan neyðaraðstæður loftfars, getur rekstraraðili flugvallar, að gefnu fyrra samþykki lögbærs yfirvalds, heimilað loftfari með hærri stafakóða en hönnunareigindi flugvallarins, sem tilgreind eru í skilmálum vottorðsins gefa til kynns, notkun flugvallarins eða hluta hans.

(b) Með því að sýna fylgni við málsgrein (a), skulu ákvæði ADR.OR.B.040 gilda.

UNDIRHLUTI C – VIÐHALD FLUGVALLAR (ADR.OPS.C)

ADR.OPS.C.005 Almennt

Rekstraraðili flugvallarins skal koma á fót og innleiða viðhaldsáætlun, þar á meðal um fyrirbyggjandi viðhald þar sem það á við í því skyni að viðhalda aðstöðu á flugvellingum svo að hún sé í samræmi við grunnkröfurnar sem kveðið er á um í viðauka Va við reglugerð (EB) nr.

ADR.OPS.C.010 Slitlag, annað yfirborð á jörðu og frárennsli

- (a) Rekstraraðili flugvallarins skal skoða yfirborð alls aksturssvæðisins, þar á meðal slitlag (flugbrautir, brautir á milli flugbrautar og flugstöðvar og hlöð), tengd svæði og frárennsli í því skyni að leggja reglulega mat á ástand þeirra sem hluta af fyrirbyggjandi og leiðréttandi viðhaldsáætlun flugvallarins.
- (b) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - (1) Viðhalda yfirborði alls aksturssvæðis með það að markmiði að forðast og koma í veg fyrir alla lausa hluti/brak sem gætu valdið loftfari skaða eða spillt vinnslu flugkerfa;
 - (2) Viðhalda yfirborði flugbrauta, brauta á milli flugbrauta og flugstöðvar og hlaða í því skyni að koma í veg fyrir myndun skaðlegra ójafna;
 - (3) Grípa til leiðréttandi viðhaldsaðgerða þegar núningseinkenni, annaðhvort allrar flugbrautarinnar eða hluta hennar, ómengaðrar eru undir núningslágmarksstiginu. Tíðni þessara ráðstafana skal vera fullnægjandi til þess að ákvarða þróun í núningseinkennum yfirborðs flugbrautarinnar.

ADR.OPS.C.015 Leiðsögutæki og rafkerfi

Rekstraraðili flugvallarins skal koma á og tryggja innleiðingu kerfis fyrir leiðréttandi og fyrirbyggjandi viðhalds á leiðsögutækjum og rafkerfum til þess að tryggja virkni, áreiðanleika og fylgni ljósa- og merkikerfa.